



DEILISKIPULAG ÁRTÚNSHÖFÐA VIÐ ELLIÐAÁRVOG

SVÆÐI 1 OG 2

Umhverfisskýrsla

Maí 2021



Efnisyfirlit

Samantekt umhverfismats	2
1 Inngangur	6
1.1 Tildrög.....	6
1.2 Yfirlit yfir skipulagssvæðið	6
1.3 Markmið.....	6
1.4 Skipulagsskjöl og matsvinnan.....	7
2 Forsendur og umhverfismat á fyrri stigum	8
2.1 Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins	8
2.2 Aðalskipulag Reykjavíkur	8
2.3 Rammaskipulag Elliðaárvogs við Ártúnshöfða	9
2.4 Mat á umhverfisáhrifum landfyllingar í Elliðaárvogi	9
2.5 Mat á umhverfisáhrifum Borgarlínu	10
2.6 Vistvottun deiliskipulags	10
2.7 Húsnæðisáætlun Reykjavíkurborgar.....	11
2.8 Fornleifaskráning.....	11
3 Viðfangsefni, nálgun og áherslur í umhverfismati	12
3.1 Áhrifaþættir.....	12
3.2 Viðmið og vísar til grundvallar umhverfismati	13
3.3 Mat á vægi áhrifa.....	17
3.4 Valkostir	17
3.4.1 Núll-kostur	17
3.4.2 Þéttleiki og yfirbragð byggðar	17
3.4.3 Græn svæði	18
3.4.4 Lega Borgarlínu um Ártúnshöfða	18
3.5 Ferli við Deiliskipulagsgerð.....	18
4 Áhrif valkosta	19
4.1 Mat á valkostum um þéttleika og yfirbragð byggðar	19

4.2 Mat á valkostum um græn svæði	25
4.3 Samlegðaráhrif valkosta	29
5 Áhrif deiliskipulagsins og eftirfylgni.....	31
5.1 Umhverfisáhrif deiliskipulagsins í heild.....	31
5.2 Stakar framkvæmdir	39
5.3 Samlegðaráhrif	39
5.4 Eftirfylgni og vöktun.....	39
6 Tengsl við áætlanir og samræmi stefnu	41
6.1 Innbyrðis samræmi stefnu	41
6.2 Tengsl við stefnu stjórnvalda á landsvísu, sveitarfélaga o.fl. ..	43
Heimildir.....	45

SAMANTEKT UMHVERFISMATS

Hér eru settar fram helstu niðurstöður umhverfismats deiliskipulags á svæði 1 og 2 á Ártúnshöfða.

Forsendur og umhverfismat á fyrri stigum

Gerð deiliskipulags á Ártúnshöfða byggir á fjölmörgum mikilvægum skipulagsákvörðunum sem teknar hafa verið á fyrri stigum skipulagsferlisins, í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins, aðalskipulagi Reykjavíkur og rammaskipulagi Elliðaárvogs við Ártúnshöfða. Í umhverfisskýrslunni er yfirlit yfir þessar skipulagsákvæðanir og valkosti sem skoðaðir hafa verið og metnir á fyrri stigum. Einnig er yfirlit yfir breytingar á aðalskipulagi og umhverfismat tengt Borgarlínu um Ártúnshöfða.

Lokið er mati á umhverfisáhrifum um 13 ha landfyllingar í Elliðaárvogi. Niðurstaða matsins er m.a. samkvæmt álit Skipulagsstofnunar að áhrif á laxfiska vegi þyngst í umhverfismati landfyllingarinnar. Þau snúa fyrst og fremst að skerðingu á búsvæði laxfiska sem hefur áhrif á far þeirra milli ferskvatns og sjávar, sem og gruggmyndun á framkvæmdatíma sem hefur áhrif á fæðumöguleika þeirra. Landfyllingin er talin hafa lítil áhrif á heildarstofna flestra þeirra fugla sem eru við Elliðaárvog. Uppbygging á svæðinu er talin líkleg til að hafa mikil áhrif á ásjón svæðisins, en hver þau áhrif verða sé háð umfangi uppbyggingar og útfærslu hennar í deiliskipulagi.

Valkostir um útfærslu deiliskipulags og umhverfisáhrif

Til að varpa ljósi á hvaða stefnukostir koma til álita í deiliskipulagsgerðinni eru skilgreindir megin valkostir með það fyrir augum að þeir gefi yfirsýn yfir helstu álitamál og svigrúm til útfærslu stefnumörkunar.

Valkostir um þéttleika og yfirbragð byggðar

Í rammaskipulagi fyrir Elliðaárvog við Ártúnshöfða er gerð grein fyrir helstu efnistöfum við uppbyggingu á skipulagssvæðinu en nánari útfærslu er vísað í deiliskipulag. Í umhverfismatinu er kannað það svigrúm sem er til útfærslu stefnunnar hvað varðar þéttleika og yfirbragð byggðar, með hliðsjón af aðalskipulagi Reykjavíkur og rammaskipulaginu. Bornir voru saman tveir

valkostir auk núll-kosts, til að draga fram áhrif af mismunandi útfærslu deiliskipulagsins um þéttleika og yfirbragð byggðar.

Niðurstaða umhverfismatsins er að núllkostur hefur í heildina neikvæð eða veruleg neikvæð áhrif á þá umhverfisþætti í tengslum við valkosti um þéttleika og yfirbragð byggðar. Ef ekki kemur til uppbyggingar á svæðinu er ekki líklegt að atvinnulíf og samkeppnishæfni eflist eða að gæði byggðar aukist. Valkosturinn er ekki líklegur til að bæta ásjón svæðisins eða styrkja lífríki svæðisins. Mengun frá starfsemi á svæðinu verður áfram til staðar og ekki verða gerðar úrbætur hvað varðar umferðaröryggi og sjálfbærar samgöngur.

Valkostur um þetta byggð meðfram Borgarlínu (ÞY-1) hefur jákvæð áhrif á atvinnulíf og samkeppnishæfni. Áhrifin á gæði byggðar og nýtingu lands eru jákvæð eða verulega jákvæð. Þétt byggð meðfram samgönguás Borgarlínu skapar að einhverju leyti grundvöll fyrir nærþjónustu innan hverfis og eflingu almenningssamgangna. Áhrif á náttúru- og menningarminjar eru talin óveruleg. Áhrif á loftslagsmál eru metin jákvæð, enda er um að ræða samgöngumiðað skipulag sem er ætlað að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og tekið er mið af áhrifum loftlagsbreytinga hvað varðar hækun sjávarborðs. Þó er talin hætta á svæði 2 af völdum sjávarflóða og flóða í Elliðaánum. Áhrif á lýðheilsu og öryggi eru talin jákvæð eða verulega jákvæð þar sem fyrirkomulag byggðar og aðgengi að grænum svæðum skapar góða umgjörð um athafnir daglegs lífs, hreyfingu, sjálfbærar samgöngur, umferðaröryggi og góða hljóðvist. Áhersla á sjálfbærar ofanvatnslausnir er líkleg til að stuðla að heilnæmi umhverfis.

Valkostur um samfellda og þetta byggð (ÞY-2) hefur heilt yfir veruleg jákvæð áhrif á umhverfisþætti. Valkosturinn er talinn stuðla að góðri nýtingu á landi og innviðum og gefur kost á uppbyggingu öflugs og fjölbreytts atvinnulífs og nærþjónustu. Um er að ræða þetta blandaða borgarbyggð, með hátt gönguhæfi og öll skilyrði til uppbyggingar almenningssamgangna í gegnum samgönguás. Slík byggð er líkleg til að styðja markmið stjórnvalda í loftslagsmálum auk þess að að skapa góða umgjörð um athafnir daglegs lífs hvað varðar sjálfbærar samgöngur, hreyfingu, umferðaröryggi og hljóðvist. Þó er talin hætta á svæði 2 af völdum sjávarflóða og flóða í Elliðaánum.

Umhverfismat deiliskipulags á Ártúnshöfða, svæði 1 og 2

Niðurstaða umhverfismatsins er að valkosturinn hafi heilt yfir verulega jákvæð áhrif á umhverfið, en að því gefnu að ekki verði gengið um of á opin græn svæði og útfærsla byggðarinnar taki mið af þéttleikanum, svo sem hvað varðar skuggavarp.

Valkostir um útfærslu grænna svæða

Í aðalskipulagi Reykjavíkur og rammaskipulagi fyrir Elliðaárvog og Ártúnshöfða er mörkuð stefna um græn svæði og vistkerfi. Við gerð deiliskipulags er stefnan útfærð nánar og m.a. settir skilmálar um almenningssými, opin svæði og inngarða. Skoðaðir eru valkostir um útfærslu stefnunnar með tilliti til græns yfirborðs lands, umfang opinna svæða og aðgengi að útivistarsvæðum.

Niðurstaða umhverfismatsins er að núllkostur hefur í heildina veruleg neikvæð til óveruleg áhrif á umhverfisþætti sem skoðaðir voru í tengslum við samanburð valkosta um græn svæði. Núllkosturinn er ekki líklegur til að bæta ásýnd svæðisins eða styrkja lífríki svæðisins. Mengun frá starfsemi á svæðinu verður áfram til staðar og ekki er líklegt að almenningssými og opin græn svæði eflist með óbreyttri stefnu.

Valkostur sem inniber hefðbundnar áherslur um græn svæði (G-1) hefur jákvæð áhrif á atvinnulíf og samkeppnishæfni, þar sem uppbygging svæðisins og opin græn svæði mynda gott umhverfi fyrir fólk og fyrirtæki. Áhrifin á gæði byggðar eru einnig jákvæð þar sem skapað er skjólgott umhverfi sem býður upp á fjölbreytta nýtingarmöguleika. Hefðbundnar grænar áherslur styðja að einhverju marki opinbera stefnu í loftslagsmálum, auka líffræðilegan fjölbreytileika og bætir ásýnd svæðisins. Valkosturinn hefur heilt yfir jákvæð áhrif á lýðheilsu, svo sem með tillit til möguleika til útiveru og hreyfingar og með því að draga úr mengun á svæðinu.

Valkostur um grænar áherslur (PG-2) hefur heilt yfir veruleg jákvæð áhrif á umhverfisþætti. Valkosturinn er talinn stuðla að auknum gæðum í borgarumhverfinu, með áherslu á fjölbreytt opin græn svæði og almenningssými. Slíkt umhverfi er líklegt til að skapa góða umgjörð um daglegt líf fólks og hvetur til hreyfingar og útiveru. Slíkt borgarumhverfi hentar einnig fyrir fjölbreytta atvinnustarfsemi. Valkosturinn stuðlar að

auknum líffræðilegum fjölbreytileika, bætir ásýnd svæðisins og styður einnig markmið stjórnvalda í loftslagsmálum. Niðurstaða umhverfismatsins er að valkosturinn hafi heilt yfir verulega jákvæð áhrif á umhverfið.

Lega Borgarlínu um Ártúnshöfða

Útfærsla Borgarlínu er mikilvægt viðfangsefni í deiliskipulagi Ártúnshöfða. Skoðaðir eru þrír valkostir um legu Borgarlínu með tilliti til landslags. Valkostirnir hafa áhrif á mótun byggðarinnar, en umhverfisáhrifin eru í aðalatriðum hin sömu.

Samlegðaráhrif valkosta

Greining á valkostum og umhverfimat þeirra gefur vísbendingar um samlegðaráhrif af valkostum um þéttleika og yfirbragð byggðar annars vegar og hins vegar umfang og útfærslu grænna svæða. Í stuttu máli er hægt að lýsa þessum áhrifum á þann hátt að þétt byggð gerir ríkari kröfur um gæði opinna grænna svæða og almenningssýma. Samfelld þétt byggð, sbr. valkost ÞY-2, hefur veruleg jákvæð samlegðaráhrif með grænum áherslum sbr. valkost G-2. Sjálfærni slíkrar byggðar felst m.a. í samspili af fyrirkomulagi byggðarinnar og notkunar á sjálfbærum ofanvatnslausnum, þ.e. grænu yfirborði lóða og almenningssýma, regngörðum o.fl.

Umhverfisáhrif deiliskipulagsins í heild

Núllkostur hefur í heildina neikvæð eða veruleg neikvæð áhrif á umhverfisþætti. Ef ekki kemur til uppbyggingar á svæðinu er ekki líklegt að atvinnulíf og samkeppnishæfni eflist eða að gæði byggðar aukist. Að óbreyttu verða ekki gerðar úrbætur á ásýnd svæðisins og vegna mengunar jarðvegs. Ólíklegt er að lífríki svæðisins styrkist. Almennt séð er uppbygging á svæðinu tengd eflingu almenningssamgangna í gegnum Borgarlínu, en valkosturinn mun ekki stuðla að sjálfbærum samgöngum umfram það sem nú er.

Deiliskipulag svæðisins hefur almennt séð jákvæð áhrif á umhverfið. Hin fyrirhugaða byggð á Ártúnshöfða er þétt og blönduð, en það stuðlar að góðri nýtingu lands og skapar skilyrði fyrir sjálfbærar samgöngur. Uppbygging á

Umhverfismat deiliskipulags á Ártúnshöfða, svæði 1 og 2

svæðinu mun skapa aukna umferð og álag á aðliggjandi stofnbrautir og því er mikilvægt að samgöngumiðað skipulag og áhersla á almenningssamgöngur nái fram að ganga. Fyrirkomulag byggðarinnar stuðlar almennt að góðu gönguhæfi svæðisins fyrir hjólandi og gangandi ferðamáta, svo og góðu aðgengi að almenningssamgöngum í gegnum Borgarlínu. Fyrirkomulag byggðar, gæði almenningsrýma og aðgengi að grænum svæðum skapar góða umgjörð um athafnir daglegs lífs. Áhrif á lýðheilsu og öryggi er talin jákvæð eða verulega jákvæð til langs tíma litið vegna tækifæra til hreyfingar og útiveru, en einnig vegna umferðaröryggis og góðrar hljóðvistar innan hverfis. Á uppbyggingartíma gæti þó verið minna öryggi og hljóðvist verri.

Til langs tíma litið skapar skipulag svæðisins skilyrði til uppbyggingar fjölbreyttrar atvinnustarfsemi innan hverfis, nærþjónustu auk annarrar starfsemi í sátt við umhverfið. Áhrif á loftslagsmál eru metin jákvæð, enda er um að ræða samgöngumiðað skipulag sem er ætlað að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og tekið er mið af áhrifum loftlagsbreytinga hvað varðar hækkan sjávarborðs. Þó er til staðar hætta á svæði 2 af völdum sjávarflóða og flóða í Elliðaánum. Á svæðinu er til staðar mengun í jarðvegi frá fyrri starfsemi en aðgerðir í tengslum við uppbygginguna og áhersla á sjálfbærar ofanvatnslausnir er líkleg til að stuðla að heilnæmi umhverfis. Á framkvæmdatímanum, við gerð landfyllingar, er hætta á skerðingu á búsvæði laxfiska sem hefur áhrif á far þeirra milli ferskvatns og sjávar, sem og gruggmyndun á framkvæmdatíma sem hefur áhrif á fæðumöguleika þeirra.

Niðurstaða umhverfismatsins er að deiliskipulag svæðisins hafi heilt yfir verulega jákvæð eða jákvæð áhrif á umhverfið til langs tíma litið. Í skipulaginu eru lögð drög að sjálfbærri, vandaðri borgarbyggð. Helstu neikvæðu áhrifin til skamms tíma eru annars vegar af gerð landfyllingar í Elliðaárvogi og hættu af völdum sjávar- og árflóða við ströndina. Hins vegar er truflun á uppbyggingartímanum, hávaði og mögulega minna öryggi.

Samlegðaráhrif með annarri uppbyggingu

Mat á umhverfisáhrifum deiliskipulags á svæði 1 og 2 á Ártúnshöfða gefur vísbendingar um samlegðaráhrif af uppbyggingu á nærliggjandi svæðum á Ártúnshöfða. Fullbyggt hverfi á Ártúnshöfða, sbr. rammaskipulag, er líklegt til að verða öflugt íbúðar- og atvínusvæði, sjálfbær byggð með gott aðgengi að almenningssamgöngum. Veruleg jákvæð samlegðaráhrif eru til langs tíma af uppbyggingu á svæði 1 og 2 og nærliggjandi svæðum á Ártúnshöfða, svo sem hvað varðar að skjóta stoðum undir nærþjónustu í hverfinu og rekstur hágæða almenningssamgangna. Neikvæð samlegðaráhrif geta tengst umferðarsköpun vegna uppbyggingar í hverfinu í heild og álagi á aðliggjandi stofnbrautir. Því er mikilvægt að samgöngumiðað skipulag og áhersla á almenningssamgöngur nái fram að ganga á Ártúnshöfða.

Eftirfylgni og vöktun

Byggð við strönd Elliðaárvogs (svæði 2) stafar hætta af sjávarflóðum vegna hækkaðrar sjávarstöðu af völdum loftslagsbreytinga, auk hættu af flóðum í Elliðaánum. Til að mæta hættu af flóðum verður að grípa til mótvægisáðgerða og skipuleggja landhæð og lágmarksgólfhæð þannig að byggðin við ströndina standist þessa hættu. En í því felst að verja hús og mannvirki og einnig innviði.

Á svæðinu er til staðar mengun í jarðvegi frá fyrri starfsemi en aðgerðir í tengslum við uppbygginguna og áhersla á sjálfbærar ofanvatnslausnir er líkleg til að stuðla að heilnæmi umhverfis. Nauðsynlegt er að fylgja þeim áðgerðum eftir og mæla mengandi efni í jarðvegi með reglubundnum hætti á uppbyggingartímanum og gera vöktunaráætlun um það efni.

Sérstök vistfræðiáætlun er unnin í tengslum við Breeam-vottun deiliskipulagsins og hún innifelur eftirfylgni og vöktun á þáttum sem varða lífríki svæðisins og er vísað til þess.

Á framkvæmdatímanum, við gerð landfyllingar, er hætta á skerðingu á búsvæði laxfiska sem hefur áhrif á far þeirra milli ferskvatns og sjávar, sem og gruggmyndun á framkvæmdatíma sem hefur áhrif á fæðumöguleika

Umhverfismat deiliskipulags á Ártúnshöfða, svæði 1 og 2

þeirra. Nauðsynlegt er að haga framkvæmdum við landfyllinguna með tilliti til þessa.

Á framkvæmdatímanum kann að myndast truflun og hætta af völdum framkvæmda, umferð vinnuvéla og rasks og nauðsynlegt er að gera vöktunaráætlun til að tryggja öryggi og lágmarka hávaða á svæðinu.

Reikna má með aukinni umferð um helstu götur á svæðinu samfara þéttingu byggðar og að hávaði fari yfir mörk á og við umferðabyngstu götur. Að sama skapi veldur aukin umferð meiri staðbundinni svífryksmengun. Mikilvægt er að gripið verði til mótvægisáðgerða til að vega upp á móti þessum áhrifum og munar þar mest um styrkingu almenningssamgangna gegnum Borgarlínu. Einnig skiptir miklu að halda niðri umferðarhraða og vinna á móti svífryksmyndun með mótvægisáðgerðum.

1 INNGANGUR

1.1 TILDRÖG

Árið 2015 héldu Reykjavíkurborg og Arkitektafélag Íslands hugmyndasamkeppni um rammaskipulag fyrir Elliðaárvog – Ártúnshöfða. Eitt af meginmarkmiðum samkeppninnar var „að leita vistvænna skipulagslausna fyrir svæðið sem lykilþróunarsvæði í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010 – 2030“. Tillaga Arkís, Landslags og Verkís varð hlutskörpust í samkeppninni og var hún lögð til grundvallar tillögu að rammaskipulagi fyrir svæðið í heild sinni. Tillaga að rammaskipulagi var unnin af sömu aðilum og lauk þeirri vinnu í janúar 2017.

Deiliskipulag á svæði 1 og 2 á Ártúnshöfði er annar deiliskipulagsáfanginn sem er unninn á grunni rammaskipulagsins, en lokið er deiliskipulagsvinnu í Bryggjuhverfi vestur. Skipulagslýsing fyrir deiliskipulag á svæði 1 og 2 var kynnt í lok árs 2017 og frá þeim tíma hefur verið unnið að útfærslu skipulagsins. Í vinnuferlinu hefur mörkum deiliskipulagssvæða verið hnikað til en í öllum aðalatriðum er byggt á þeirri skipulagslýsing sem kynnt var.

1.2 YFIRLIT YFIR SKIPULAGSSVÆÐIÐ

Í aðalskipulagi Reykjavíkur er gert ráð fyrir að skipulagssvæðið sé einn af meginvalkostum fyrir þróun byggðar í Reykjavík. Á svæðinu hefur síðustu áratugi verið athafna- og iðnaðarstarfsemi. Stórar lóðir innan svæðisins hafa verið nýttar fyrir starfsemi eins og malbikunarstöðvar, iðnað, verkstæði, bílasölur, sendibílastöðvar auk þess sem Sorpa rekur endurvinnslustöð á svæðinu.

Svæði 1 tekur til svæðis uppi á höfðanum, þ.e. á Stórhöfða og Breiðhöfða, sbr. meðfylgjandi mynd. Svæðið fylgir brún höfðans í norðaustri og vestri. Svæði 2 er vestan Ártúnshöfða og er að mestu leyti á núverandi landi, en þó er gert ráð fyrir landfyllingum við norðurenda svæðisins. Svæðið afmarkast af núverandi Ártúnshöfða til austurs, Elliðaám til vesturs og athafnasvæði steypustöðvar til suðurs.



Yfirlit yfir skipulagssvæðið.

1.3 MARKMIÐ

Aðalskipulag Reykjavíkur 2010 – 2030 og Rammaskipulag Elliðaárvogs setur megin áherslur fyrir gerð deiliskipulags Ártúnshöfða. Í rammaskipulaginu voru auk þess markmið sem höfð voru til hliðsjónar við mótun tillögu að

Umhverfismat deiliskipulags á Ártúnshöfða, svæði 1 og 2

deiliskipulagi. Stefna deiliskipulagsins er að breyta iðnaðar- og athafnasvæði í blandaða byggð. Lögð er áhersla á vandaða hönnun göturýma, almenningsrýma, mannvirkja, stígakerfis og grænna svæða sem mynda staðaranda í tengslum við nærumhverfið sitt og umgjörð um heilbriggt samfélag íbúa og gesta hverfisins.

Markmiðið með umhverfismati deiliskipulagsins er að samþætta umhverfismálin inn í skipulagsgerðina og að stefnan hafi jákvæð áhrif á umhverfið.

1.4 SKIPULAGSSKJÖL OG MATSVINNAN

Til grundvallar umhverfismati eru tillögur til kynningar vorið 2021. Tillagan er sett fram í:

- Ártúnshöfði við Elliðaárvog, svæði 1 og 2. Deiliskipulag: almenn greinagerð. Tillaga til kynningar 28.04.2021.
- Ártúnshöfði við Elliðaárvog, svæði 2. Deiliskipulag: Greinagerð og skilmálar fyrir byggingar og lóðir. Tillaga til kynningar 28.04.2021.
- Ártúnshöfði við Elliðaárvog – svæði 1. Deiliskipulag: Skilmálar fyrir húsbyggingar og mannvirki á lóð. ASK arkitektar fyrir Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar. Maí 2021.
- Ártúnshöfði svæði 1, Deiliskipulagsuppdráttur.
- Elliðaárvogur, svæði 2, Deiliskipulagsuppdráttur.
- Skýringauppdráttir fyrir hvort svæði.

Í almennri greinagerð fyrir svæði 1 og svæði 2 er m.a. lýst núverandi umhverfisaðstæðum, sameiginlegum innviðum hverfisins, strandlínu ásamt sorphirðu- og veitukerfum. Í greinagerð og skilmálum fyrir byggingar og lóðir fyrir hvort svæði eru skilmálar fyrir húsbyggingar og mannvirki á lóð. Einnig sértæk greinagerð fyrir innviði og skilmálar fyrir húsbyggingum og mannvirkjum á lóð. Settar eru fram kröfur til einstakra lóða. Jafnframt er fjallað um landmótun, gróður, frágang, efnisval, lýsingu, aðgengismál o.fl.

Vorið 2020 voru tekin saman fyrstu drög að umhverfisskýrslu fyrir svæði 1 og 2 á Ártúnshöfða í samræmi við þá vinnu sem hafði staðið yfir við deiliskipulag á þeim tíma. Greindir voru þrír megin valkostir og heildaráhrifin metin. Vorið 2021 var umhverfisskýrslan uppfærð í samræmi við þá tillögu sem þá lá fyrir og viðbótarupplýsingar sem komu inn í matsvinnuna í tengslum við Breeam-vottun svæðisins.

2 FORSENDUR OG UMHVERFISMAT Á FYRRI STIGUM

Í kaflanum er yfirlit yfir mikilvægar skipulagsforsendur, skipulagsákvarðanir og umhverfismat á fyrri stigum skipulagsferlisins.

2.1 SVÆÐISSKIPULAG HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2015-2040, þ.e. *Höfuðborgarsvæðið 2040*,¹ var staðfest í júní 2015. Hryggjarstykkið í stefnu svæðisskipulagsins er nýtt hágæða almenningssamgöngukerfi sem tengir kjarna sveitarfélaganna og á að flytja farþega með skjótum og öruggum hætti um höfuðborgarsvæðið. Gerð var breyting á svæðisskipulaginu sem staðfest var 2018 þar sem fjallað var um megindrætti legu samgöngu- og þróunarása fyrir Borgarlínu.²

Í umhverfismati svæðisskipulagsins og breytingum á því, hafa verið bornir saman valkostir um stefnu, annars vegar sviðsmyndir um byggðapróun og hins vegar valkostir um legu Borgarlínu og staðsetningu kjarnastöðva.

Samgöngu- og þróunarsvæði Borgarlínu liggur um Ártúnshöfða og þar er skilgreindur bæjarkjarni. Í svæðisskipulaginu eru m.a. ákvæði um þróun og uppbyggingu á þróunarsvæðum Borgarlínu, þéttleika byggðar o.fl.

2.2 AÐALSKIPULAG REYKJAVÍKUR

Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030 var staðfest í febrúar 2014. Í aðalskipulaginu er m.a. rík áhersla á þéttingu byggðar og breytta forgangsstöðu svæða, sbr. mat á valkostum um byggðapróun sem voru til skoðunar. Einnig er áhersla á aukið vægi stefnumörkunar um gæði og yfirbragð byggðar.

Samkvæmt aðalskipulaginu er Ártúnshöfði og Elliðaárvogur mikilvægt uppbyggingarsvæði í Reykjavík. Áhersla er m.a. lögð á opin svæði, staðbundna þjónustukjarna og góðar tengingar með brú yfir Elliðaárósa fyrir vistvænar samgöngur. Svæðið er skilgreint sem þróunarsvæði og

landnotkunin er íbúðarbyggð, miðsvæði, svæði fyrir samfélagsþjónustu og athafnasvæði. Áhersla er á 2-5 hæða samfellda byggð og borgarmiðað gatnakerfi. Árið 2017 var gerð breyting á aðalskipulaginu um íbúðarbyggð og blöndun byggðar. Breytingin tekur til heimilda um fjölda íbúða á reitum sem þegar eru skilgreindir í aðalskipulaginu.



Við Elliðaárvog.

Í umhverfismati aðalskipulagsins er mat og samanburður valkosta um byggðapróun í Reykjavík til ársins 2050 og líkleg áhrif þeirra á umhverfið. Samanburður á umhverfisáhrifum þeirra er m.a. lagður til grundvallar við ákvörðun um útfærslu aðalskipulagsins. Í umhverfisskýrslunni er einnig gerð ítarlega grein fyrir helstu umhverfisáhrifum tillögu að aðalskipulagi Reykjavíkur.

¹ Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2015-2040.

² VSÓ ráðgjöf. 2017.

Umhverfismat deiliskipulags á Ártúnshöfða, svæði 1 og 2

Í febrúar 2020 var kynnt skipulags- og matslýsing vegna breytinga á aðalskipulagi Reykjavíkur og Kópavogs vegna Borgarlínu milli Ártúnshöfða og Hamraborgar.³ Breytingarnar snúa að því að útfæra stefnu svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins og fyrirliggjandi stefnu í aðalskipulagsáætlunum um almenningssamgöngur eða Borgarlínu. Breytingarnar munu m.a. fjalla um legu Borgarlínu og staðsetningu kjarnastöðva. Auk þess verður gerð almenn grein fyrir stefnu um uppbyggingu á samgöngu- og þróunarsvæðum í samræmi við skipulagsbreytingar sem sveitarfélögin eru þegar að vinna að. Meðal þeirra valkosta sem kemur til álita að skoða í aðalskipulagsbreytingunni, samkvæmt lýsingunni, er lega Borgarlínu við Elliðaárvog.

Fyrir liggur tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, framsett sem viðauki við aðalskipulagið og að tímabil skipulagsins verði framlengt til ársins 2040. Uppfærð eru í heild sinni bindandi stefna um landnotkun, ákvæði um byggingarmagn og markmið um þéttleika byggðar til ársins 2040. Fyrir liggur umhverfisskýrsla⁴ fyrir aðalskipulagsbreytinguna og þar eru m.a. bornir saman valkostir um framtíðarstefnu, þ.e. þéttleika byggðar. Í umhverfisskýrslunni er einnig metin sérstaklega breyting á aðalskipulaginu sem varðar Ártúnshöfða – Elliðaárvog en hún gerir m.a. ráð fyrir breyttri afmörkun svæða fyrir íbúðarbyggð og miðsvæði og mun íbúðum fjölga um 3.200 frá gildandi skipulagi. Íbúðarbyggð stækkar um 4,4 ha til vesturs yfir svæði sem áður var skilgreint sem strandsvæði (ST9). Miðsvæði stækkar um 4,5 ha á kostnað íbúðarbyggðar og skilgreind eru tvö ný miðsvæði Krossamýrartorg (M26) og Malarhöfði (M27). Grænir geirar milli hverfa eru skilgreindir sem opin svæði (OP) og skólalóðir (S) eru afmarkaðar. Lega stíga og tengibrautar fyrir Borgarlínu breytist einnig lítillega.

³ Kópavogsbær, Reykjavíkurborg og samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. 2020.

⁴ Reykjavíkurborg. 2021.

2.3 RAMMASKIPULAG ELLIÐAÁRVOGS VIÐ ÁRTÚNSHÖFÐA

Árið 2015 efndu Reykjavíkurborg og Arkitektafélag Íslands til hugmyndasamkeppni um rammaskipulag fyrir Elliðaárvog og Ártúnshöfða. Meðal markmiða samkeppninnar var að leita vistvænna skipulagslausna fyrir svæðið sem lykilþróunarsvæði í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030. Tillaga Arkís, Landslags og Verkís 2015 varð hlutskörpust í samkeppninni og er hún lögð til grundvallar vinnu við rammaskipulag fyrir svæðið í heild sinni.

Í Rammaskipulagi Elliðaárvoogs og Ártúnshöfða, þ.e. „*Elliðaárvogur við Ártúnshöfða; Vistvænt borgarumhverfi með fólk í fyrirrúmi, Rammaskipulag*“,⁵ er gerð grein fyrir helstu efnistöfum við uppbyggingu hverfisins, en nánari útfærslum er vísað í deiliskipulag. Rammaskipulagið hefur ekki formlega stöðu sem skipulagsáætlun en veitir mikilvæga leiðsögn fyrir deiliskipulag hverfisins. Liður í því er áætlun um meðhöndlun ofanvatns.⁶

Umhverfisáhrif rammaskipulagsins eru ekki metin sérstaklega, en ítarlega er gerð grein fyrir þeirri vistvænu nálgun sem er beitt í skipulagi og hönnun svæðisins. Um er að ræða endurskipulagningu á þegar röskuðu landi, vannýttum svæðum og landfyllingu. Athafnasvæði er umbreytt í þétta, samfellda og blandaða byggð. Grænt belti teiknar upp gömlu strandlínuna og brún höfðans og myndar jaðar fyrir neðri byggðina. Ártúnshöfðinn er dreginn sérstaklega fram sem kennileiti. Áhersla er m.a. á að götu- og almenningsrými séu skjólgóð, vistleg og innihaldsrík.

2.4 MAT Á UMHERFISÁHRIFUM LANDFYLLINGAR Í ELLIÐAÁRVOGI

Í mars 2017 gaf Skipulagsstofnun út álit um mat á umhverfisáhrifum um 13 ha landfyllingar í Elliðaárvgi, en framkvæmdinni er skipt í þrjá áfanga. Markmiðið með landfyllingunni er að fylgja eftir stefnumörkun aðalskipulags

⁵ Reykjavíkurborg. 2017.

⁶ Verkís. 2017A.

Umhverfismat deiliskipulags á Ártúnshöfða, svæði 1 og 2

Reykjavíkur um framtíðaruppbyggingu borgarinnar og auka framboði á byggingarlandi. Matið snýr eingöngu að gerð landfyllingarinnar, en ekki að uppbyggingu á svæðinu.



Elliðaár og Geirsnef.

Niðurstaða matsins samkvæmt áliti Skipulagsstofnunar er m.a. að áhrif á laxfiska vegi þyngst í umhverfismati landfyllingarinnar. Þau snúa fyrst og fremst að skerðingu á búsvæði laxfiska sem hefur áhrif á far þeirra milli ferskvatns og sjávar, sem og gruggmyndun á framkvæmdatíma sem hefur áhrif á fæðumöguleika þeirra. Landfyllingin er talin hafa lítil áhrif á heildarstofna flestra þeirra fugla sem eru við Elliðaárvog. Uppbygging á

svæðinu er talin líkleg til að hafa mikil áhrif á ásýnd svæðisins, en hver þau áhrif verða sé háð umfangi uppbyggingar og útfærslu hennar í deiliskipulagi.

2.5 MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM BORGARLÍNU

Unnið er að mati á umhverfisáhrifum fyrsta áfanga Borgarlínu, Ártúnshöfða-Hamraborg. Tillaga að matsáætlun⁷ ásamt ákvörðun⁸ um matsáætlun liggur fyrir. Einnig liggja fyrir frumdrög framkvæmdarinnar.⁹ Um er að ræða um 13 km kafla Borgarlínu þar sem gert er ráð fyrir 24 stöðvum. Í umhverfismatinu er m.a. fyrirhugað að bera saman ólíka valkosti um legu og útfærslu á þverunarfærslu yfir Elliðaárvog. Skipulagsstofnun tekur m.a. fram í sinni ákvörðun um matsáætlun að mikilvægt sé í ljósi verndargildis og viðkvæmni Elliðaárvogs, að samanburður á mögulegum leiðum við þverun vogsins byggji á sem bestum upplýsingum um möguleg umhverfisáhrif.

Áætlað er að matsferlinu verði lokið í ágúst 2021.

2.6 VISTVOTTUN DEILISKIPULAGS

Í vinnuferli deiliskipulagsins ákvað Reykjavíkurborg að sækjast eftir Breeam vottun fyrir skipulag svæðisins. Um er að ræða vottun samkvæmt Breeam Communities staðlinum eða vottun fyrir sjálfbært skipulag á afmörkuðu svæði eða hverfi, þ.e. á deiliskipulagsstigi. Skipulagsgerðin hefur tekið mið af kröfum vottunarkerfisins, sjá kafla „2.6 Vistvottun skipulags“ í almennri greinargerð deiliskipulags á svæði 1 og 2.

Í vinnu við vottun svæðisins verða til fjölmörg skjöl eða viðbótarákvæði sem renna styrkari stoðum undir sjálfbærni svæðisins, svo og upplýsingar sem nýtast inn í umhverfisskýrsluna. Dæmi um það vistfræðilegt áhrifamat (ecological impact assessment), vistfræðiaætlun (ecological strategy) mat á flóðahættu (flood risk assessment) og vatnsnotkunaráætlun (water strategy).

⁷ Verkefnastofa Borgarlínu. 2020.

⁸ Skipulagsstofnun. 2021A.

⁹ Verkefnastofa Borgarlínu. 2021.

Umhverfismat deiliskipulags á Ártúnshöfða, svæði 1 og 2



Tillaga að legu 1. lotu Borgarlínu sbr. Samgöngusáttmála ríkis og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.¹⁰

Í umhverfismati deiliskipulagsins er tekið mið af þeim drögum sem liggja fyrir í vottunarferlinu og fyrirhugað er að verði hluti af eða fylgigögn deiliskipulagstillögunnar.

2.7 HÚSNÆÐISÁÆTLUN REYKJAVÍKURBORGAR

Í gildi er uppfærð húsnæðisáætlun¹¹ fyrir borgina þar sem er sett fram á einum stað greining á stöðu húsnæðismála og veitt yfirlit yfir aðgerðir borgarinnar í húsnæðismálum. Þær eiga það sammerkt að mæta áskorunum á húsnæðismarkaði og stuðla að því að ná markmiðum Reykjavíkurborgar í

húsnæðismálum. Markmið áætlunarinnar er m.a. að skapa húsnæði fyrir alla, fjölga leigu- og búseturéttaríbúðum, öflug og sjálfbær hverfi og þetta byggð meðfram þróunarásum.

2.8 FORNLEIFASKRÁNING

Í tengslum við gerð Rammaskipulags Elliðaárvogs var framkvæmd fornleifaskráning og skráning á aldri húsa. Samkvæmt þeirri úttekt eru engar fornminjar á deiliskipulagssvæðinu.¹²

Á vef Minjastofnunar, þ.e. Minjavefsjá, er að finna upplýsingar um fornleifaskráningu og friðlýst hús og mannvirki í landinu. Samkvæmt Minjavefsjá eru enginn friðlýst hús eða mannvirki á svæðinu.¹³

¹⁰ Kópavogsbær, Reykjavíkurborg og samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. 2020.

¹¹ Reykjavíkurborg. 2020.

¹² Minjasafn Reykjavíkur. 2006.

¹³ Minjastofnun. 2021.

3 VIÐFANGSEFNI, NÁLGUN OG ÁHERSLUR Í UMHVERFISMATI

Umhverfismati áætlana er ætlað að stuðla að sjálfbærri þróun með því að leggja umhverfisleg-, félagsleg-, og efnahagsleg sjónarmið til grundvallar við skipulagsgerð. Þannig er leitast við að lágmarka neikvæð áhrif og að sama skapi hámarka þau jákvæðu. Deiliskipulagið tekur mið af niðurstöðum þessa mats, eftir því sem kostur er. Nánari lýsingu á vinnsluferli deiliskipulagsins er að finna í greinargerðum deiliskipulags fyrir svæði 1 og 2.

Umhverfismatið er framkvæmt í samræmi við lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 og er það samþætt og tvinnuð inn í vinnuna við mótun deiliskipulagstillögunnar. Í mars 2017 gaf Skipulagsstofnun út álit um mat á umhverfisáhrifum um 13 ha landfyllingar í Elliðaárvogi, en framkvæmdasvæðið er hluti af deiliskipulagssvæði 2.

Í umhverfismatinu er stuðst við þær upplýsingar sem fyrir liggja um grunnástand umhverfis ásamt þeim gögnum sem fyrir liggja og unnin hafa verið í tengslum við deiliskipulagsvinnuna.

3.1 ÁHRIFAPÆTTIR

Umhverfisþættir eru þeir þættir sem deiliskipulagið getur haft áhrif á. Í lögum um umhverfismat áætlana er umhverfi skilgreint sem „samheiti fyrir samfélag, heilbrigði manna, dýr, plöntur, líffræðilega fjölbreytni, jarðveg, jarðmyndanir, vatn, loft, veðurfar, eignir, menningararfleifð, þ.m.t. byggingarsögulegar og fornleifafræðilegar minjar, landslag og samspil þessara þátta.“

Í umhverfismatinu eru skoðuð heildaráhrif af deiliskipulaginu og áhrif valkosta um afmarkaðra þætti deiliskipulagsins. Matsþættir og umhverfisþættir taka mið af áherslum aðalskipulags og rammaskipulags fyrir deiliskipulag svæðisins. Við val á umhverfisþáttum er einnig litið til umhverfisaðstæðna á skipulagssvæðinu. Í töflunni hér til hliðar (Tafla 3.1) er vinsun umhverfisþátta, þ.e. tilgreindir þeir matsþættir og umhverfisþættir

sem teljast líklegir til þess að verða fyrir jákvæðum eða neikvæðum áhrifum af framkvæmd skipulagsins.

Tafla 3.1 Vinsun umhverfisþátta. Matsþættir og umhverfisþættir sem teljast líklegir til þess að verða fyrir áhrifum vegna deiliskipulags á Ártúnshöfða við Elliðaárvog.

Matsþættir	Mikilvægir umhverfisþættir	Skýringar
Atvinna og samkeppnishæfni	Samfélag, eignir og menningararfleifð	Áhrif af uppbyggingu þar sem lögð er áhersla á hagkvæma nýtingu lands og blandaða byggð. Skipulag sem vinnur með sérstöðu svæðisins og staðsetningu á höfuðborgarsvæðinu. Áhrif af auknum umsvifum og fjölbreytni atvinnulífs á svæðinu
Gæði byggðar og nýting lands	Samfélag, heilbrigði manna, líffræðileg fjölbreytni, loft, eignir, menningararfleifð og landslag	Áhrif af endurskipulagningu á þegar byggðu hverfi, þ.e. blöndun og þétting byggðar. Breytingar á borgarumhverfinu, nýtt yfirbragð byggðar. Áhrif af sjálfbæru skipulagi hverfisins með áherslu á vistvænar lausnir, gönguhæfi byggðar, nærþjónusta í göngufæri og sjálfbærar samgöngur, fjölbreytta samgöngumáta og uppbyggingu samgönguáss almenningssamgangna
Náttúra, landslag og menningarminjar	Dýr, plöntur, líffræðileg fjölbreytni, vatn, veðurfar, jarðvegur, jarðmyndanir og landslag	Áhrif á framkvæmdatímanum, svo og af eldri starfsemi. Samspil nýrrar byggðar við náttúru og menningararfleifð svæðisins. Áhrif af landfyllingu. Mengun jarðvegs vegna núverandi og eldri stafsemi. Staðsetning og hönnun opinna svæða og áhrif á líffræðilega fjölbreytni. Áhrif nýrrar byggðar á loftlagsmál og náttúruvá
Lýðheilsa og öryggi	Samfélag, heilbrigði manna, vatn eignir og landslag	Áhersla í skipulagi á fjölbreytt búsetuform, aðgengi að náttúrunni, virka ferðamáta, þjónusta í göngufæri og umferðaröryggi. Möguleg áhrif á framkvæmdatímanum, svo sem af svifryki og hávaða

3.2 VIÐMIÐ OG VÍSAR TIL GRUNDVALLAR UMHVERFISMATI

Umhverfisviðmiðum er ætlað að lýsa æskilegri þróun með tilliti til sjálfbærni og umhverfismála. Umhverfisviðmiðin¹⁴, umhverfisvísar og umhverfisþættir eru birtir í neðangreindri töflu (Tafla 3.2). Umhverfisviðmiðin eru að stofni til byggð á Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun¹⁵ og stefnu stjórnvalda er varða landnotkun.

Sérstaklega er tekið mið af þeim heimsmarkmiðum sem eru forgangsmarkmið íslenskra stjórnvalda og hafa tengsl við skipulagsgerð. Einnig er byggt á markmiðum laga um náttúruvernd og menningarminjar, *Landsskipulagsstefnu 2015-2026*¹⁶ og öðrum áætlunum á landsvísu sem marka stefnu um landnotkun.

Í umhverfismatinu er lagt mat á það hvort valkostir um stefnu deiliskipulagsins styðji eða gangi gegn þeirri stefnu sem umhverfisviðmiðin fela í sér. Skilgreindar eru matsspurningarnar til að greina hvort stefnan í deiliskipulagi styður eða vinnur gegn umhverfisviðmiðunum, sjá töflu (Tafla 3.3).



Við Ártúnshöfða.

¹⁴ Stuðst er við töflu fyrir umhverfisviðmið, umhverfisvísa og umhverfisþætti í Lýsingu fyrir gerð landsskipulagsstefnu fyrir loftslag, landslag, lýðheilsu, Viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015–2026. Viðmiðin og vísar eru útfærðir og aðlagðir að áherslum og viðfangsefnum í deiliskipulagi á Ártúnshöfða.

¹⁵ Stjórnarráð Íslands. 2021.

¹⁶ Skipulagsstofnun. 2021B.

Umhverfismat deiliskipulags á Ártúnshöfða, svæði 1 og 2

Tafla 3.2 Umhverfisviðmið, umhverfisvísar og umhverfispættir.

Umhverfisviðmið	Byggt á	Umhverfisvísar	Umhverfispættir ¹⁷												
			Samfélag	Heilbrigði manna	Dýr	Plöntur	Líffræðileg fjölbreytni	Jarðvegur	Jarðmyndanir	Vatn	Loft	Veðurfar	Eignir	Menningararfleið	Landslag
Stuðla að heilbrigðu líferni og vellíðan fyrir alla frá vöggju til grafar. Draga úr ótímabærum dauðsföllum af völdum lífsstílstengdra sjúkdóma með forvörnum m.a. með íþrótta- og félagslífi og útivist. Stuðla að geðheilbrigði og vellíðan. Stuðla að heilnæmu umhverfi og góða möguleika til útiveru. Draga úr slysum og dauðsföllum af völdum umferðarslysa.	HMS-3 ¹⁸ LSK 15-26 ¹⁹	aðgengi að útivist, umferðarslys, ásjúnd lands, hljóðstig, loftmengun													
Tryggja aðgengi allra að hreinu vatni og sjálfbæra nýtingu þess. Auka vatnsgæði með því að draga úr mengun. Vernda og endurheimta vatnstengd vistkerfi, s.s. votlendi, ár og grunnvatnsból.	HMS-6	menkun jarðvegs, fráveita, vatnsgæði, votlendi													
Tryggja aðgengi allra að áreiðanlegri og sjálfbærri orku á viðráðanlegu verði. Auka hlut endurnýjanlegrar orku. Stuðla að bættri orkunýtingu.	HMS-7	endurnýjanleg orka, orkuskipti													
Stuðla að sjálfbærum hagvexti og góðum atvinnutækifærum fyrir alla. Viðhalda hagvexti í samræmi við aðstæður. Bæta nýtingu auðlinda til neyslu og framleiðslu og draga úr hagvexti sem gengur á umhverfið. Stuðla að samkeppnishæfni og eflingu samfélags og atvinnulífs.	HMS 8 LSK 15-26	hagvöxtur, íbúafjöldi, staða og fjölbreytni atvinnulífs													
Byggja viðnámsþolna innviði og styðja nýsköpun. Þróa trausta innviði sem eru sjálfbærir og með viðnámsþol gagnvart breytingum, í því skyni að styðja við efnahagsþróun og velferð allra. Stuðla að samkeppnishæfni, þoli og eflingu samfélags og atvinnulífs. Stuðla að greiðum sjálfbærum samgöngum í þéttbýli og dreifbýli.	HMS-9 LSK 15-26	almennings-samgöngur, umferð, veitur, þjónustustig, þjónusta													
Borgir og bæir umfaðmi alla þjóðfélagsþópa, séu örugg og sjálfbær og með viðnámsþol gagnvart breytingum. Tryggja öllum fullnægjandi og öruggt húsnæði á viðráðanlegu verði og grunnþjónustu. Gefa öllum kost á að ferðast með öruggum, sjálfbærum og aðgengilegum ferðamátum á viðráðanlegu verði. Bæta umferðar-öruggi og almenningssamgöngur. Draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum í þéttbýli, með áherslu á loftgæði og meðhöndlun úrgangs.	HMS 11 LSK 15-26	íbúar, íbúðir ferðamátar, almenningssamgöngur, umferðarslys, loftgæði, úrgangs-meðhöndlun													

¹⁷ Umhverfispættir sbr. skilgreiningu á umhverfi í lögum um umhverfismat áætlaða nr. 105/2006.

¹⁸ Stjórnarráð Íslands. 2021.

¹⁹ Skipulagsstofnun. 2021B.

Umhverfismat deiliskipulags á Ártúnshöfða, svæði 1 og 2

Umhverfisviðmið	Byggt á	Umhverfisvísar	Umhverfisþættir ¹⁷											
			Samfélag	Heilbrigði manna	Dýr	Plöntur	Líffræðileg fjölbreytni	Jarðvegur	Jarðmyndanir	Vatn	Löft	Veðurfar	Eignir	Menningararfleifð
Tryggja sjálfbæra neyslu og framleiðsluöðferðir. Vinna að sjálfbærri stjórnun og nýtni á náttúruauðlindum. Draga úr sóun með forvörnum, minni úrgangi, aukinni endurvinnslu og endurnýtingu.	HMS-12	úrgangs-meðhöndlun												
Grípa til aðgerða til að berjast gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra. Auka viðbragðsáætlanir og forvarnir við vá af völdum loftslagsbreytinga og náttúruhamfara. Stuðla að orkuskiptum í samgöngum og kolefnisbindingu. Flétta aðgerðir vegna loftslagsbreytinga inn í skipulag og áætlanagerð. Stuðla að öryggi almennings gagnvart náttúruvá og loftslagsbreytingum.	HMS-13 AL ²⁰ LSK 15-26	binding kolefnis, losun kolefnis, hækkun sjávarborðs, áhætta vegna sjávarflóða												
Varðveita umhverfi hafsins og auðlindir þess og nýta á sjálfbæran hátt. Draga úr mengun sjávar, einkum frá starfsemi á landi.	HMS-14	ástand sjávar, mengun												
Vernda, endurheimta og styðja sjálfbæra nýtingu vistkerfa á landi. Tryggja varðveislu, endurheimt og sjálfbæra nýtingu vistkerfa á landi og í ferskvatni og þjónustu þeirra. Grípa til aðgerða til að draga úr hnignun búsvæða og líffræðilegrar fjölbreytni. Grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir landnáms og draga úr áhrifum ágengra framandi tegunda á vistkerfi á landi og í vatni.	HMS-15 Lög um náttúruvernd	líffræðileg fjölbreytni, gróðurfar, fuglalíf, verndarsvæði												
Stuðla að verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi. Stuðla að varðveislu og vernd náttúru- og menningarminja, sem felast í líffræðilegum fjölbreytileika, fjölbreytni jarðmyndana, landslagi og minjum um sögu og búsetu. Yfirbragð og mælikvarði nýrrar byggðar falli að bæjarmynd viðkomandi staðar og sögulegri byggð. Staðsetning og hönnun nýrra mannvirkja taki mið af byggingarhefðum, náttúru, landslagi og staðhættum.	LSK 15-26 MSM ²¹ Lög um menningar-minjar	fágæti landslags, ásýnd lands, náttúrumínjar, fornleifaskráning, röskun, byggðamynstur												

²⁰ Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. 2020.

²¹ Mennta- og menningarmálaráðuneyti. 2014.

Tafla 3.3 Matspættir, viðmið og matsspurningar til að greina hvort stefnan í deiliskipulagi styður eða vinnur gegn umhverfisviðmiðunum.

Matspáttur	Viðmið	Matsspurningar
Atvinna og samkeppnishæfni	Tryggja aðgengi allra að áreiðanlegri og sjálfbærri orku á viðráðanlegu verði. Stuðla að sjálfbærum hagvexti og góðum atvinnutækifærum fyrir alla. Tryggja sjálfbæra neyslu og framleiðsluaðferðir.	• Stuðlar stefnan að orkusparnaði, orkunýtni eða orkuskiptum • Stuðlar stefnan að atvinnuuppbyggingu á svæðinu? • Stuðlar stefnan að sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda? Hversu mikill úrgangur fellur til? Er stuðlað að endurvinnslu og endurnýtingu?
Gæði byggðar og nýting lands	Borgir og bæir umfaðmi alla þjóðfélagshópa, séu örugg og sjálfbær og með viðnámsþol gagnvart breytingum. Byggja viðnámsþolna innviði og styðja nýsköpun. Stuðla að verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi.	• Stuðlar stefnan að uppbyggingu húsnæðis og grunnþjónustu fyrir alla? • Stuðlar stefnan að eflingu nærþjónustu innan hverfis? • Styður stefnan markmið um að staðsetning og hönnun nýrra mannvirkja taki mið af mælikvarða byggðar, bæjarmynd, byggingarhefðum, náttúru, landslagi og staðhættum? • Stuðlar stefnan að vistvænum og heilsusamlegum samgöngum, hjólandi, gangandi eða almenningssamgöngum? • Stuðlar stefnan að eflingu almenningsrýma, svo sem með tilliti til aðstöðu, gróðurs og fjölbreyttra nýtingarmöguleika?
Náttúra, landslag og menningarminjar	Grípa til aðgerða til að berjast gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra. Vernda, endurheimta og styðja sjálfbæra nýtingu vistkerfa á landi. Stuðla að verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi.	• Hefur stefnan áhrif á loftslagsmál, losun gróðurhúsalofttegunda og/eða viðbrögð við loftslagsbreytingum svo sem hækkun sjávarborðs? • Hefur stefnan áhrif á svæði þar sem eru merkar náttúru-minjar sem njóta verndar, svo sem á náttúru-minjaskrá, 61. gr. náttúruverndarlaga eða alþjóðlegra samninga? • Stuðlar stefnan að líffræðilegum fjölbreytileika? • Hefur stefnan í för með sér röskun á fornleifum eða svæðum þar sem eru merkar menningarminjar? • Hefur stefnan áhrif á og raskar fágætum landslagsheildum eða breytir ásýnd lands?
Lýðheilsa og öryggi	Stuðla að heilbrigðu líferni og vellíðan fyrir alla frá vöggu til grafar. Varðveita umhverfi hafsins og auðlindir þess og nýta á sjálfbæran hátt. Tryggja aðgengi allra að hreinu vatni og sjálfbæra nýtingu þess.	• Stuðlar stefnan að möguleikum til útivistar og hreyfingar? • Stuðlar stefnan að auknum gæðum byggðar hvað varðar umferðaröryggi og hljóðvist? • Stuðlar stefnan að vörnum gegn mengun grunnvatns eða röskun á vistkerfum strandsvæða, svo sem með losun eða efnistöku?

3.3 MAT Á VÆGI ÁHRIFA

Í umhverfismatinu er stuðst við vægiseinkunnir við mat á valkostum og einstökum þáttum skipulagsins. Vægiseinkunnirnar byggja á leiðbeiningum Skipulagsstofnunar²² og stuðst verður við sex vægiseinkunnir við matið sbr. neðangreinda töflu (Tafla 3.4).

Tafla 3.4 Vægiseinkunn fyrir mat á umhverfisáhrifum deiliskipulagsins.

Vægiseinkunn	Skýringar
++	Veruleg jákvæð áhrif. Tillaga að stefnu eða framkvæmd styður viðkomandi umhverfisviðmið og stuðlar að verulega jákvæðri breytingu á umhverfinu
+	Jákvæð áhrif. Tillaga að stefnu eða framkvæmd styður viðkomandi umhverfisviðmið
0	Engin eða óveruleg áhrif / Á ekki við. Tillaga að stefnu eða framkvæmd hefur engin, lítil eða óljós tengsl við viðkomandi umhverfisviðmið
-	Neikvæð áhrif. Tillaga að stefnu eða framkvæmd vinnur gegn eða gengur þvert á viðkomandi umhverfisviðmið
--	Veruleg neikvæð áhrif. Tillaga að stefnu eða framkvæmd vinnur gegn eða gengur þvert á viðkomandi umhverfisviðmið og stuðlar að verulega neikvæðri breytingu á umhverfinu
?	Óvissa um áhrif / Vantar upplýsingar. Óvíst er eða háð útfærslu hvort tillaga að stefnu eða framkvæmd styður eða vinnur gegn viðkomandi umhverfisviðmið

3.4 VALKOSTIR

Til að varpa ljósi á hvaða stefnukostir koma til álita í deiliskipulaginu eru skilgreindir megin valkostir með það fyrir augum að þeir gefi yfirsýn yfir helstu álitamál og svigrúm til útfærslu stefnumörkunar.

²²Skipulagsstofnun. 2007.

3.4.1 Núll-kostur

Í umfjöllun um núll-kost er gerð grein fyrir grunnástandi umhverfisþátta og líklegri þróun umhverfisins án framfylgdar nýs deiliskipulags á svæðinu.

3.4.2 Þéttleiki og yfirbragð byggðar

Í rammaskipulagi fyrir Elliðaárvog við Ártúnshöfða er gerð grein fyrir helstu efnistöðum við uppbyggingu á skipulagssvæðinu en nánari útfærslu er vísað í deiliskipulag. Í umhverfismatinu er kannað það svigrúm sem er til útfærslu stefnunnar hvað varðar þéttleika og yfirbragð byggðar, með hliðsjón af aðalskipulagi Reykjavíkur og rammaskipulaginu. Bornir voru saman tveir valkostir auk núll-kosts, til að draga fram áhrif af mismunandi útfærslu deiliskipulagsins um þéttleika og yfirbragð byggðar.

	Þéttleiki byggðar	Yfirbragð byggðar
Núll-kostur	Svæðið er ekki endurskipulagt og ekki eru settir nýir skilmálar um þéttleika byggðar	Svæðið er ekki endurskipulagt og ekki eru settir nýir skilmálar um yfirbragð byggðar
ÞY-1 Þétt byggð meðfram Borgarlínu	50 íbúðir/ha að jafnaði á skipulagssvæðinu - Þétt byggð á þröngu belti við samgöngu- og þróunarárs	2-4 hæðir - Smágerður mannlegur mælikvarði - Randbyggð eða línubbyggð - Fyrst og fremst íbúðarbyggð - Verslun og þjónusta á jarðhæð við samgöngu- og þróunarárs
ÞY-2 Samfelld og þétt byggð	100 íbúðir/ha að jafnaði á skipulagssvæðinu - Tiltölulega jafn þéttleiki byggðar	3-6 hæðir - Mannlegur mælikvarði - Randbyggð - Blönduð byggð, íbúðir, verslun og þjónusta o.fl.

Umhverfismat deiliskipulags á Ártúnshöfða, svæði 1 og 2


3.4.3 Græn svæði

Í aðalskipulagi Reykjavíkur og rammaskipulagi fyrir Elliðaárvog og Ártúnshöfða eru mörkuð stefna um græn svæði og vistkerfi. Við gerð deiliskipulags er stefnan útfærð nánar og m.a. settir skilmálar um almenningsskými, opin svæði og inngarða. Skoðaðir eru valkostir um útfærslu stefnunnar með tilliti til græns yfirborðs byggðar, umfang opinna svæða og aðgengi að útivistarsvæðum.

	Lóðir	Opin svæði og almenningsskými
Núll-kostur	Svæðið er ekki endurskipulagt og ekki eru settir nýir skilmálar um gróður á lóðum	Svæðið er ekki endurskipulagt og ekki er unnið að uppbyggingu opinna svæða
G-1 Hefðbundnar áherslur um græn svæði	40% af yfirborði lóða með einhvers konar gróðurþekju - Hefðbundið dren í gegnum lagnakerfi	- Stakstæð opin græn svæði innan byggðar - Göngutengsl til nærliggjandi opinna svæða - Áhersla á skilvirk almenningsskými, malbik og hellulögn á torgum og götum
G-2 Grænar áherslur	80% af yfirborði lóða með einhvers konar gróðurþekju, þ.e. grænþökum, regngörðum o.fl. - Áhersla á fjölbreytni gróðurs. Regngarður innan hvers lóðar - Sjálfbærar ofanvatnslausnir	- Samhangandi opin græn svæði innan byggðar - Góð göngutengsl til nærliggjandi opinna svæða innan byggðar og í jaðri byggðar við ströndina eða í Elliðaárdal - Áhersla á vistleg almenningsskými með fjölbreyttum gróðri

3.4.4 Lega Borgarlínu um Ártúnshöfða

Útfærsla Borgarlínu er mikilvægt viðfangsefni í deiliskipulagi Ártúnshöfða. Greindir eru þrír valkostir um legu Borgarlínu með tilliti til landslags. Valkostur eitt er samkvæmt rammaskipulagi. Valkostur tvö kemur inn á svæðið frá Sævarhöfða á sama stað og í rammaskipulagi, en sveigir ákveðið til suðurs hlykkjast síðan aftur til norðausturs í átt að fyrirhuguðu Krossmýrartorgi. Valkostur þrjú kemur sunnar inn á svæðið. Valkostirnir hafa áhrif á mótun byggðarinnar, en umhverfisáhrifin eru í aðalatriðum hin sömu og ekki er frekar um þá fjallað hér.



Valkostir um legu Borgarlínu um Ártúnshöfða.

3.5 FERLI VIÐ DEILISKIPULAGSGERÐ

Vísað er til málsmeðferðar deiliskipulagstillögu fyrir svæði 1 og 2 á Ártúnshöfða.

4 ÁHRIF VALKOSTA

Í kaflanum er umhverfismat á valkostum um stefnu í deiliskipulagi, þ.e. valkosta sem skilgreindir eru í kafla 3.4.

4.1 MAT Á VALKOSTUM UM ÞÉTTLEIKA OG YFIRBRAGÐ BYGGÐAR

Í töflunum hér á eftir er sett fram umhverfismat valkosta um þéttleika og yfirbragð byggðar og til samanburðar mat á núll-kosti.

Atvinna og samkeppnishæfni

Umhverfisviðmið/matsspurning	Núll-kostur	ÞY-1 Þétt byggð meðfram Borgarlínu	ÞY-2 Samfelld og þétt byggð
Tryggja aðgengi allra að áreiðanlegri og sjálfbærri orku á viðráðanlegu verði. Stuðlar stefnan að orkusparnaði, orkunýtni eða orkuskiptum?	Óbreytt stefna um byggð á svæðinu er ekki líkleg til að styðja við sjálfbærar samgöngur, þ.e. stytta vegalengdir vegna daglegra athafna fólks	Fyrirkomulag byggðar á svæðinu með þéttari byggð meðfram samgönguás er líkleg til að skapa skilyrði fyrir sjálfbærar samgöngur, einkum almenningssamgöngur	Fyrirkomulag byggðar á svæðinu, þ.e. þétt samfelld og blönduð byggð með gott gönguhæfi, er líklegt til að skapa góð skilyrði fyrir sjálfbærar samgöngur, hjólandi og gangandi ferðamáta og almenningssamgöngur
Stuðla að sjálfbærum hagvexti og góðum atvinnutækifærum fyrir alla. Stuðlar stefnan að atvinnuuppbyggingu á svæðinu?	Óbreytt stefna er ekki líkleg til að stuðla að frekari atvinnuuppbyggingu á svæðinu	Skipulag svæðisins er líklegt til að skapa skilyrði til uppbyggingar fjölbreyttrar starfsemi	Skipulag svæðisins, með áherslu á blandaða byggð, er líklegt til að skapa góð skilyrði til uppbyggingar fjölbreyttrar starfsemi í sátt við umhverfið
Tryggja sjálfbæra neyslu og framleiðsluáðferðir. Stuðlar stefnan að sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda? Hversu mikill úrgangur fellur til? Er stuðlað að endurvinnslu og endurnýtingu?	Óbreytt stefna er ekki líkleg til að stuðla að sjálfbærri nýtingu svæðisins sem er hentugt og vel staðsett svæði í hjarta höfuðborgarsvæðisins	Stefnan stuðlar nýtingu á landi, þar sem svæðið þróast í samfellda byggð sem nýtir vel innviði	Stefnan stuðlar að góðri nýtingu á landi, þar sem svæðið þróast í blandaða þétta byggð sem nýtir vel alla innviði

Umhverfismat deiliskipulags á Ártúnshöfða, svæði 1 og 2

Gæði byggðar og nýting lands

Umhverfisviðmið/matsspurning	Núll-kostur	pY-1 Þétt byggð meðfram Borgarlínu	pY-2 Samfelld og þétt byggð
Borgir og bæir umfaðmi alla þjóðfélagshópa, séu örugg og sjálfbær og með viðnámsþol gagnvart breytingum. Stuðlar stefnan að uppbyggingu húsnæðis og grunnþjónustu fyrir alla?	Óbreytt stefna stuðlar ekki að uppbyggingu húsnæðis eða grunnþjónustu	Um er að ræða uppbyggingu heilstæðs íbúðarhverfis sem er líklegt til að umfaðma alla þjóðfélagshópa og bjóða upp á grunnþjónustu, sbr. áherslur aðalskipulagsins	Um er að ræða uppbyggingu heilstæðs hverfis með blandaða byggð sem er líklegt til að umfaðma alla þjóðfélagshópa og bjóða upp á grunnþjónustu, sbr. áherslur aðalskipulagsins
Stuðlar stefnan að eflingu nærþjónustu innan hverfis?	Óbreytt stefna stuðlar ekki að uppbyggingu nærþjónustu	Stefnan gerir ráð fyrir þéttri blandaðri byggð meðfram samgönguás sem skapar grundvöll fyrir nærþjónustu innan hverfis, svo sem verslun, veitingastöðum og almennri þjónustu	Stefnan gerir ráð fyrir þéttri blandaðri byggð og þróttmiklu atvinnusvæði sem skapar grundvöll fyrir öflugra nærþjónustu innan hverfis, svo sem verslun, veitingastöðum og almennri þjónustu
Byggja viðnámsþolna innviði og styðja nýsköpun. Stuðlar stefnan að vistvænum og heilsusamlegum samgöngum, hjólandi, gangandi eða almenningssamgöngum?	Óbreytt stefna stuðlar ekki að vistvænum og heilsusamlegum samgöngum	Samfelld byggð, með gott gönguhæfi og aðgengi að almenningssamgöngum er líkleg til að stuðla að vistvænum og heilsusamlegum samgöngum. Líkur eru þó á að einkabíllinn verði áfram fyrirferðarmikill í borgarumhverfinu og uppbygging á svæðinu auki umferð á stofnvegum í nágrenninu	Þétt samfelld og blönduð byggð, með mikið gönguhæfi og gott aðgengi að almenningssamgöngum er líkleg til að skapa góða umgjörð um vistvænar og heilsusamlegar samgöngur. Líkur eru þó á að einkabíllinn verði áfram fyrirferðarmikill í borgarumhverfinu og uppbygging á svæðinu auki umferð á stofnvegum í nágrenninu
Stuðla að verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi. Stuðlar stefnan að eflingu almenningssvæða, svo sem með tilliti til aðstöðu, gróðurs og fjölbreyttra nýtingarmöguleika?	Óbreytt stefna stuðlar ekki að eflingu almenningssvæða	Uppbygging svæðisins hefur í för með sér hönnun nýrra almenningssvæða, göturýma, torga og opinna grænna svæða	Uppbygging svæðisins hefur í för með sér hönnun nýrra almenningssvæða, göturýma, torga og opinna grænna svæða. Gæði almenningssvæða eru mjög háð útfærslu og hönnun vegna þéttleika byggðarinnar
Styður stefnan markmið um að staðsetning og hönnun nýrra mannvirkja taki mið af mælikvarða byggðar, bæjarmynd, byggingarhefðum, náttúru, landslagi og staðhættum?	Óbreytt stefna styður ekki markmiðin	Fyrirhuguð byggð fellur vel að landslagi og byggir á samspili byggðar og náttúru	Fyrirhuguð byggð fellur vel að landslagi og byggir á samspili byggðar og náttúru

Umhverfismat deiliskipulags á Ártúnshöfða, svæði 1 og 2

Náttúra, landslag og menningarminjar

Umhverfisviðmið/matsspurning	Núll-kostur	ÞY-1 Þétt byggð meðfram Borgarlínu	ÞY-2 Samfelld og þétt byggð
Grípa til aðgerða til að berjast gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra. Hefur stefnan áhrif á loftslagsmál, losun gróðurhúsalofttegunda og/eða viðbrögð við loftslagsbreytingum svo sem hækkun sjávarborðs?	Óbreytt stefna tekur ekki mið af loftlagsmálum eða stefnu stjórnvalda í málaflokknum	Byggð við strönd Elliðaárvogs stafar hætta af sjávarflóðum vegna hækkaðrar sjávarstöðu af völdum loftslagsbreytinga. Einnig er hætta af flóðum í Elliðaánum. Uppbyggingin styður markmið borgarinnar og stjórnvalda á landsvísu í loftlagsmálum að því leyti að um er að ræða samgöngumiðað skipulag	Byggð við strönd Elliðaárvogs stafar hætta af sjávarflóðum vegna hækkaðrar sjávarstöðu af völdum loftslagsbreytinga. Einnig er hætta af flóðum í Elliðaánum. Uppbyggingin styður markmið borgarinnar og stjórnvalda á landsvísu í loftlagsmálum þar sem um er að ræða þetta blandaða sjálfbæra byggð sem liggur vel við samgönguás.
Vernda, endurheimta og styðja sjálfbæra nýtingu vistkerfa á landi. Hefur stefnan áhrif á svæði þar sem eru merkar náttúruvinnur sem njóta verndar, svo sem á náttúruvinnjaskrá, 61. gr. náttúruverndarlaga eða alþjóðlegra samninga?	Á svæðinu eru ekki friðlýst svæði. Á nærliggjandi svæðum í Elliðaárvogi eru mikilvægar vistgerðir og fuglar. Elliðaárdalur er skilgreindur sem aðrar náttúruvinnur í náttúruvinnjaskrá og Elliðaárvogur er í tillögum Nf til B-hluta náttúruvinnjaskrár. Frá núverandi starfsemi stafar mengun sem kann að hafa áhrif út fyrir svæðið	Á svæðinu eru ekki friðlýst svæði. Á nærliggjandi svæðum í Elliðaárvogi eru mikilvægar vistgerðir og fuglar. Elliðaárdalur er skilgreindur sem aðrar náttúruvinnur og Elliðaárvogur er í tillögum Nf til B-hluta náttúruvinnjaskrár	Á svæðinu eru ekki friðlýst svæði. Á nærliggjandi svæðum í Elliðaárvogi eru mikilvægar vistgerðir og fuglar. Elliðaárdalur er skilgreindur sem aðrar náttúruvinnur og Elliðaárvogur er í tillögum Nf til B-hluta náttúruvinnjaskrár
Stuðlar stefnan að líffræðilegum fjölbreytileika?	Óbreytt stefna og ef ekki kemur til breytinga á byggð á svæðinu er ekki um að ræða að líffræðilegur fjölbreytileiki verði aukinn með ræktun og endurhönnun svæðisins. Á svæði 1 eru ekki opin svæði	Þegar kemur til uppbyggingar á svæðinu, hönnun opinna grænna svæða og ræktunar, skapast skilyrði fyrir auknum líffræðilegum fjölbreytileika	Þegar kemur til uppbyggingar á svæðinu, hönnun opinna grænna svæða og ræktunar, skapast skilyrði fyrir auknum líffræðilegum fjölbreytileika
Stuðla að verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi. Hefur stefnan í för með sér röskun á fornleifum eða svæðum þar sem eru merkar menningarminjar?	Ekki er vitað um fornminjar eða menningarverðmæti á svæðinu miðað við fyrirbyggjandi gögn	Ekki er vitað um fornminjar eða menningarverðmæti á svæðinu miðað við fyrirbyggjandi gögn	Ekki er vitað um fornminjar eða menningarverðmæti á svæðinu miðað við fyrirbyggjandi gögn
Hefur stefnan áhrif á og raskar fágætum landslagsheildum eða breytir ásynd lands?	Að óbreyttu eru ekki gerðar úrbætur á ásynd svæðisins	Athafnasvæði er umbreytt í samfellda íbúðarbyggð með þéttum ás. Byggðin og grænt belti teikna upp gömlu strandlínuna og brún höfðans. Ásynd svæðisins tekur stakkaskiptum	Athafnasvæði er umbreytt í þetta, samfellda og blandaða byggð. Byggðin og grænt belti teikna upp gömlu strandlínuna og brún höfðans. Ásynd svæðisins tekur stakkaskiptum, en ásyndin er háð útfærslu og hönnun vegna þéttleika byggðarinnar

Lýðheilsa og öryggi

Umhverfismat deiliskipulags á Ártúnshöfða, svæði 1 og 2

Umhverfisviðmið/matsspurning	Núll-kostur	ÞY-1 Þétt byggð meðfram Borgarlínu	ÞY-2 Samfelld og þétt byggð
Stuðla að heilbrigðu lífni og vellíðan fyrir alla frá vöggu til grafar. Stuðlar stefnan að möguleikum til útivistar og hreyfingar?	Að óbreyttu skapast ekki skilyrði til útivistar enda ásjúnd svæðisins slæm	Fyrirkomulag byggðar og gönguhæfi er líklegt til að skapa góð skilyrði fyrir athafnir daglegs lífs og hvetja til hreyfingar	Fyrirkomulag byggðar, þ.e. þétt samfelld og blönduð byggð með gott gönguhæfi, er líklegt til að skapa góð skilyrði fyrir athafnir daglegs lífs og hvetja til hreyfingar. Aðgengi og umfang opinna svæða er háð útfærslu skipulagsins vegna þéttleika byggðarinnar
Stuðlar stefnan að auknum gæðum byggðar hvað varðar umferðaröryggi og hljóðvist?	Að óbreyttu verða ekki úrbætur hvað varðar umferðaröryggi og hljóðvist.	Reikna má með að hávaði fari yfir mörk á umferðabyngstu götum vegna þéttingu byggðar og aukinnar umferðar. Fyrirhuguð byggð, íbúðarbyggð með þéttum ás skapar góða hljóðvist í inngörðum þar sem er randbyggð. Áhersla á almenningssamgöngur skapar örugga umgjörð um ferðir gangandi og hjólandi vegfarenda	Reikna má með að hávaði fari yfir mörk á umferðabyngstu götum vegna þéttingu byggðar og aukinnar umferðar. Fyrirhuguð byggð, þétt en blönduð randbyggð, skapar góða hljóðvist í inngörðum. Yfirbragð byggðar, skilvirkir gatnamynstur og áhersla á almenningssamgöngur skapa örugga umgjörð um ferðir fólks óháð ferðamáta
Varðveita umhverfi hafsins og auðlindir þess og nýta á sjálfbæran hátt. Tryggja aðgengi allra að hreinu vatni og sjálfbæra nýtingu þess. Stuðlar stefnan að vörnum gegn mengun grunnvatns eða röskun á vistkerfum strandsvæða, svo sem með losun eða efnistöku?	Að óbreyttu er ekki unnið gegn mengun	Skipulag svæðisins, með áherslu á sjálfbærar ofanvatnslausnir, er líklegt til að vinna gegn mengun	Skipulag svæðisins, með áherslu á sjálfbærar ofanvatnslausnir, er líklegt til að vinna gegn mengun

Umhverfismat deiliskipulags á Ártúnshöfða, svæði 1 og 2

Niðurstaða mats á valkostum um þéttleika og yfirbragð byggðar

Samantekt umhverfismats valkosta um þéttleika og yfirbragð byggðar á deiliskipulagssvæði 1 og 2 á Ártúnshöfða.

Matsþáttur	Matsspurningar	Núll-kostur	ÞY-1 þétt byggð meðfram Borgarlínu	ÞY-2 Samfeld og þétt byggð
Atvinna og samkeppnishæfni	Tryggja aðgengi allra að áreiðanlegri og sjálfbærri orku á viðráðanlegu verði. Stuðlar stefnan að orkusparnaði, orkunýtni eða orkuskiptum?	-	+	++
	Stuðla að sjálfbærum hagvexti og góðum atvinnutækifærum fyrir alla. Stuðlar stefnan að atvinnuuppbyggingu á svæðinu?	-	+	++
	Tryggja sjálfbæra neyslu og framleiðsluaðferðir. Stuðlar stefnan að sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda? Hversu mikill úrgangur fellur til? Er stuðlað að endurvinnslu og endurnýtingu?	-	+	++
Gæði byggðar og nýting lands	Borgir og bæir umfaðmi alla þjóðfélagshópa, séu örugg og sjálfbær og með viðnámsþol gagnvart breytingum. Stuðlar stefnan að uppbyggingu húsnæðis og grunnþjónustu fyrir alla?	-	++	++
	Stuðlar stefnan að eflingu nærbjónustu innan hverfis?	-	+	++
	Byggja viðnámsþolna innviði og styðja nýsköpun. Stuðlar stefnan að vistvænum og heilsusamlegum samgöngum, hjólandi, gangandi eða almenningssamgöngum?	-	+	++
	Stuðla að verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi. Stuðlar stefnan að eflingu almenningsrýma, svo sem með tilliti til aðstöðu, gróðurs og fjölbreyttra nýtingarmöguleika?	-	++	++
	Styður stefnan markmið um að staðsetning og hönnun nýrra mannvirkja taki mið af mælikvarða byggðar, bæjarmynd, byggingarhefðum, náttúru, landslagi og staðhættum?	--	++	++
Náttúra, landslag og menningarminjar	Grípa til aðgerða til að berjast gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra. Hefur stefnan áhrif á loftslagsmál, losun gróðurhúsalofttegunda og/eða viðbrögð við loftslagsbreytingum svo sem hækkun sjávarborðs?	-	-	-
	Vernda, endurheimta og styðja sjálfbæra nýtingu vistkerfa á landi. Hefur stefnan áhrif á svæði þar sem eru merkar náttúruvinnur sem njóta verndar, svo sem á náttúruvinnjaskrá, 61. gr. náttúruverndarlaga eða alþjóðlegra samninga?	-	0	0

Umhverfismat deiliskipulags á Ártúnshöfða, svæði 1 og 2

	Stuðlar stefnan að líffræðilegum fjölbreytileika?	--	+	+
	Stuðla að verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi. Hefur stefnan í för með sér röskun á fornleifum eða svæðum þar sem eru merkar menningarminjar?	0	0	0
	Hefur stefnan áhrif á og raskar fágætum landslagsheildum eða breytir ásýnd lands?	--	++	++
Lýðheilsa og öryggi	Stuðla að heilbrigðu lífni og vellíðan fyrir alla frá vögg til grafar. Stuðlar stefnan að möguleikum til útivistar og hreyfingar?	--	++	++
	Stuðlar stefnan að auknum gæðum byggðar hvað varðar umferðaröryggi og hljóðvist?	-	+	++
	Varðveita umhverfi hafsins og auðlindir þess og nýta á sjálfbæran hátt. Tryggja aðgengi allra að hreinu vatni og sjálfbæra nýtingu þess. Stuðlar stefnan að vörnum gegn mengun grunnvatns eða röskun á vistkerfum strandsvæða, svo sem með losun eða efnistöku?	--	+	+

Núllkostur hefur í heildina neikvæð eða veruleg neikvæð áhrif á þá umhverfispætti sem skoðaðir eru í tengslum við samanburð valkosta um þéttleika og yfirbragð byggðar. Ef ekki kemur til uppbyggingar á svæðinu er ekki líklegt að atvinnulíf og samkeppnishæfni eflist eða að gæði byggðar aukist. Valkosturinn er ekki líklegur til að bæta ásýnd svæðisins eða styrkja lífríki svæðisins. Mengun frá starfsemi á svæðinu verður áfram til staðar og ekki verða gerðar úrbætur hvað varðar umferðaröryggi og sjálfbærar samgöngur.

Valkostur um þetta byggð meðfram Borgarlínu (ÞY-1) hefur jákvæð áhrif á atvinnulíf og samkeppnishæfni. Áhrifin á gæði byggðar og nýtingu lands eru jákvæð eða verulega jákvæð. Þétt byggð meðfram samgönguás Borgarlínu skapar að einhverju leyti grundvöll fyrir nærþjónustu innan hverfis og eflingu almenningssamgangna. Áhrif á náttúru- og menningarminjar eru talin óveruleg. Áhrif á loftslagsmál eru metin jákvæð, enda er um að ræða samgöngumiðað skipulag sem er ætlað að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og tekið er mið af áhrifum loftlagsbreytinga hvað varðar hækkun sjávarborðs. Byggð við strönd Elliðaársvogs stafar þó hætta af sjávarflóðum vegna hækkaðrar sjávarstöðu af völdum loftlagsbreytinga. Einnig er hætta af flóðum í Elliðaánum. Áhrif á lýðheilsu og öryggi eru talin jákvæð eða verulega jákvæð þar sem fyrirkomulag byggðar og aðgengi að grænum svæðum skapar góða umgjörð um athafnir daglegs lífs, hreyfingu, sjálfbærar samgöngur, umferðaröryggi og góða hljóðvist. Þó má reikna með að hávaði fari yfir mörk á og við umferðabyngstu götur vegna þéttingu byggðar og aukinnar umferðar. Áhersla á sjálfbærar ofanvatnslausnir er líkleg til að stuðla að heilnæmi umhverfis.

Valkostur um samfellda og þetta byggð (ÞY-2) hefur heilt yfir veruleg jákvæð áhrif á umhverfispætti. Valkosturinn er talinn stuðla að góðri nýtingu á landi og innviðum og gefur kost á uppbyggingu öflugs og fjölbreytts atvinnulífs og nærþjónustu. Um er að ræða þetta blandaða borgarbyggð, með hátt gönguhæfi og öll skilyrði til uppbyggingar almenningssamgangna í gegnum samgönguás. Slík byggð er líkleg til að styðja markmið stjórnvalda í loftslagsmálum auk þess að að skapa góða umgjörð um athafnir daglegs lífs hvað varðar sjálfbærar samgöngur, hreyfingu, umferðaröryggi og hljóðvist. Byggð við strönd Elliðaársvogs stafar þó hætta af sjávarflóðum vegna hækkaðrar sjávarstöðu af völdum loftlagsbreytinga. Einnig er hætta af flóðum í Elliðaánum. Niðurstaða umhverfismatsins er að valkosturinn hafi heilt yfir verulega jákvæð áhrif á umhverfið, en að því gefnu að ekki verði gengið um of á opin græn svæði og útfærsla byggðarinnar taki mið af þéttleikanum, svo sem hvað varðar skuggavarp.

4.2 MAT Á VALKOSTUM UM GRÆN SVÆÐI

Í töflunum hér á eftir er sett fram umhverfismat valkosta um græn svæði og til samanburðar mat á núll-kosti.

Atvinna og samkeppnishæfni

Umhverfisviðmið/matsspurning	Núll-kostur	G-1 Hefðbundnar áherslur um græn svæði	G-2 Grænar áherslur
Tryggja aðgengi allra að áreiðanlegri og sjálfbærri orku á viðráðanlegu verði. Stuðlar stefnan að orkusparnaði, orkunýtni eða orkuskiptum?	Óveruleg áhrif	Trjágróður dregur úr vindálagi á byggð og getur sparað orku til upphitunar	Trjágróður dregur úr vindálagi á byggð og getur sparað orku til upphitunar
Stuðla að sjálfbærum hagvexti og góðum atvinnutækifærum fyrir alla. Stuðlar stefnan að atvinnuuppbyggingu á svæðinu?	Óveruleg áhrif	Uppbygging svæðisins, opin græn svæði mynda umgjörð um líf fólks og atvinnustarfsemi	Uppbygging svæðisins, fjölbreytt opin græn svæði og almenningssamgöngum mynda góða umgjörð um líf fólks og fjölbreytta atvinnustarfsemi
Tryggja sjálfbæra neyslu og framleiðsluaðferðir. Stuðlar stefnan að sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda? Hversu mikill úrgangur fellur til? Er stuðlað að endurvinnslu og endurnýtingu?	Óveruleg áhrif	Lífrænum úrgangi, svo sem dauðum plöntum og grasi, er umbreytt í moltu og gas	Lífrænum úrgangi, svo sem dauðum plöntum og grasi, er umbreytt í moltu og gas

Gæði byggðar og nýting lands

Umhverfisviðmið/matsspurning	Núll-kostur	G-1 Hefðbundnar áherslur um græn svæði	G-2 Grænar áherslur
Borgir og bæir umfaðmi alla þjóðfélagshópa, séu örugg og sjálfbær og með viðnámsþol gagnvart breytingum. Stuðlar stefnan að uppbyggingu húsnæðis og grunnþjónustu fyrir alla?	Enginn áhrif	Enginn áhrif	Enginn áhrif
Stuðlar stefnan að eflingu nærþjónustu innan hverfis?	Enginn áhrif	Uppbygging nærþjónustu og skjólgott og vistlegt umhverfi hvetur til reglulegrar hreyfingar, félagslegra samskipta og rennir stoðum undir nærþjónustu	Uppbygging nærþjónustu og skjólgott og vistlegt umhverfi hvetur til reglulegrar hreyfingar, félagslegra samskipta og rennir stoðum undir nærþjónustu
Byggja viðnámsþolna innviði og styðja nýsköpun. Stuðlar stefnan að vistvænum og heilsusamlegum samgöngum, hjólandi, gangandi eða almenningssamgöngum?	Að óbreyttu er ekki um að ræða umhverfi sem hvetur til notkunar vistvænna og heilsusamlegra samgangna	Opin græn svæði og almenningssamgöngum sem tengjast almenningssamgöngum mynda umgjörð um vistvænar og heilsusamlegar samgöngur	Fjölbreytt opin græn svæði og almenningssamgöngum sem tengjast almenningssamgöngum mynda góða umgjörð um vistvænar og heilsusamlegar samgöngur

Umhverfismat deiliskipulags á Ártúnshöfða, svæði 1 og 2

Stuðla að verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi. Stuðlar stefnan að eflingu almenningsrýma, svo sem með tilliti til aðstöðu, gróðurs og fjölbreyttra nýtingarmöguleika?	Að óbreyttu eru almenningsrými ekki eflað	Sköpuð eru almenningsrými sem eru skjólgóð og vistleg og bjóða uppá ýmsa nýtingarmöguleika	Sköpuð eru almenningsrými sem eru skjólgóð, vistleg og innihaldsrík og bjóða uppá fjölbreytta nýtingarmöguleika í amstri dagsins eða til dægrastyttingar
Styður stefnan markmið um að staðsetning og hönnun nýrra mannvirkja taki mið af mælikvarða byggðar, bæjarmynd, byggingarhefðum, náttúru, landslagi og staðhættum?	Valkosturinn styður ekki markmiðin	Uppbygging svæðisins, með talsverða áherslu á grænt yfirborð, styður að einhverju leyti markmið um að staðsetning og hönnun nýrra mannvirkja taki mið af náttúru, landslagi og staðhættum	Uppbygging svæðisins með ríka áherslu á grænt yfirbragð styður markmið um að staðsetning og hönnun nýrra mannvirkja taki mið af náttúru, landslagi og staðhættum

Náttúra, landslag og menningarminjar

Umhverfisviðmið/matsspurning	Núll-kostur	G-1 Hefðbundnar áherslur um græn svæði	G-2 Grænar áherslur
Grípa til aðgerða til að berjast gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra. Hefur stefnan áhrif á loftslagsmál, losun gróðurhúsalofttegunda og/eða viðbrögð við loftslagsbreytingum svo sem hækkun sjávarborðs?	Að óbreyttu er ekki tekið tillit til loftlagsmála	Grænar áherslur styðja að einhverju marki stefnu borgarinnar og aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftlagsmálum	Grænar áherslur, þ.e. umfang grænna svæða, styðja stefnu borgarinnar og aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftlagsmálum
Vernda, endurheimta og styðja sjálfbæra nýtingu vistkerfa á landi. Hefur stefnan áhrif á svæði þar sem eru merkar náttúruminjar sem njóta verndar, svo sem á náttúruminjasrá, 61. gr. náttúruverndarlaga eða alþjóðlegra samninga?	Á svæðinu eru ekki friðlýst svæði. Á nærliggjandi svæðum í Elliðaárvogi eru mikilvægar vistgerðir og fuglar. Elliðaárdalur er skilgreindur sem aðrar náttúruminjar og Elliðaárvogur er í tillögum Nf til B-hluta náttúruminjasrá	Á svæðinu eru ekki friðlýst svæði. Á nærliggjandi svæðum í Elliðaárvogi eru mikilvægar vistgerðir og fuglar. Elliðaárdalur er skilgreindur sem aðrar náttúruminjar og Elliðaárvogur er í tillögum Nf til B-hluta náttúruminjasrá	Á svæðinu eru ekki friðlýst svæði. Á nærliggjandi svæðum í Elliðaárvogi eru mikilvægar vistgerðir og fuglar. Elliðaárdalur er skilgreindur sem aðrar náttúruminjar og Elliðaárvogur er í tillögum Nf til B-hluta náttúruminjasrá
Stuðlar stefnan að líffræðilegum fjölbreytileika?	Lífriki svæðisins er mjög veikt og það breytist ekki með óbreyttri stefnu. Á svæði 1 eru engin græn svæði en á svæði 2 eru græn svæði við Elliðaárvoginn	Umbreyting svæðisins er líkleg til að hafa jákvæð áhrif á líffræðilegan fjölbreytileika svæðisins	Umbreyting svæðisins, með áherslu á græn svæði og vistvænar lausnir er líkleg til að hafa verulega jákvæð áhrif á líffræðilegan fjölbreytileika svæðisins
Stuðla að verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi. Hefur stefnan í för með sér röskun á fornleifum eða svæðum þar sem eru merkar menningarminjar?	Ekki er vitað um fornminjar eða menningarverðmæti á svæðinu miðað við fyrirliggjandi gögn	Ekki er vitað um fornminjar eða menningarverðmæti á svæðinu miðað við fyrirliggjandi gögn	Ekki er vitað um fornminjar eða menningarverðmæti á svæðinu miðað við fyrirliggjandi gögn
Hefur stefnan áhrif á og raskar fágætum landslagsheildum eða breytir ásynd lands?	Að óbreyttu eru ekki gerðar úrbætur á ásynd svæðisins	Athafnasvæði er umbreytt í þetta, samfellda og blandaða byggð. Grænt belti teiknar upp gömlu strandlínuna og brún höfðans. Ásynd svæðisins tekur stakkaskiptum	Athafnasvæði er umbreytt í þetta, samfellda og blandaða byggð. Samfelt grænt belti teiknar upp gömlu strandlínuna og brún höfðans. Ásynd svæðisins tekur stakkaskiptum

Umhverfismat deiliskipulags á Ártúnshöfða, svæði 1 og 2

Lýðheilsa og öryggi

Umhverfisviðmið/matsspurning	Núll-kostur	G-1 Hefðbundnar áherslur um græn svæði	G-2 Grænar áherslur
Stuðla að heilbrigðu líferni og vellíðan fyrir alla frá vöggu til grafar. Stuðlar stefnan að möguleikum til útivistar og hreyfingar?	Að óbreyttu er ekki skapaðar aðstæður til útivistar og hreyfingar	Umhverfið, grænt og skjólgott, hvetur til reglulegrar hreyfingar og útiveru	Umhverfið, grænt og skjólgott, með góð göngutengsl og samfelld opin svæði, hvetur til reglulegrar hreyfingar og útiveru
Stuðlar stefnan að auknum gæðum byggðar hvað varðar umferðaröryggi og hljóðvist?	Óveruleg áhrif	Mikil gróðurnotkun og mjúkir fletir gætu að einhverju marki bætt almenna hljóðvist með því að draga úr endurkasti	Mikil gróðurnotkun og mjúkir fletir gætu að einhverju marki bætt almenna hljóðvist með því að draga úr endurkasti
Varðveita umhverfi hafsins og auðlindir þess og nýta á sjálfbæran hátt. Tryggja aðgengi allra að hreinu vatni og sjálfbæra nýtingu þess. Stuðlar stefnan að vörnum gegn mengun grunnvatns eða röskun á vistkerfum strandsvæða, svo sem með losun eða efnistöku?	Að óbreyttu er ekki unnið gegn mengun	Umbreyting svæðisins úr athafnasvæði í blandaða byggð með grænar áherslur, er líklegt til að vinna gegn mengun	Skipulag svæðisins, með áherslu á grænt yfirborð og sjálfbærar ofanvatnslausnir, er líklegt til að vinna gegn mengun

Umhverfismat deiliskipulags á Ártúnshöfða, svæði 1 og 2

Niðurstaða mats á megin valkostum um græn svæði

Samantekt umhverfismats valkosta um græn svæði á deiliskipulagssvæði 1 og 2 á Ártúnshöfða.

Matsþáttur	Matsspurningar	Núll-kostur	G-1 Hefðbundnar Áherslur um græn svæði	G-2 Grænar áherslur
Atvinna og samkeppnishæfni	Tryggja aðgengi allra að áreiðanlegri og sjálfbærri orku á viðráðanlegu verði. Stuðlar stefnan að orkusparnaði, orkunýtni eða orkuskiptum?	0	+	+
	Stuðla að sjálfbærum hagvexti og góðum atvinnutækifærum fyrir alla. Stuðlar stefnan að atvinnuuppbyggingu á svæðinu?	0	+	++
	Tryggja sjálfbæra neyslu og framleiðsluaðferðir. Stuðlar stefnan að sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda? Hversu mikill úrgangur fellur til? Er stuðlað að endurvinnslu og endurnýtingu?	0	+	++
Gæði byggðar og nýting lands	Borgir og bæir umfaðmi alla þjóðfélagshópa, séu örugg og sjálfbær og með viðnámsþol gagnvart breytingum. Stuðlar stefnan að uppbyggingu húsnæðis og grunnþjónustu fyrir alla?	0	0	0
	Stuðlar stefnan að eflingu nærbjónustu innan hverfis?	0	+	+
	Byggja viðnámsþolna innviði og styðja nýsköpun. Stuðlar stefnan að vistvænum og heilsusamlegum samgöngum, hjólandi, gangandi eða almenningssamgöngum?	-	+	++
	Stuðla að verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi. Stuðlar stefnan að eflingu almenningsrýma, svo sem með tilliti til aðstöðu, gróðurs og fjölbreyttra nýtingarmöguleika?	--	+	++
	Styður stefnan markmið um að staðsetning og hönnun nýrra mannvirkja taki mið af mælikvarða byggðar, bæjarmynd, byggingarhefðum, náttúru, landslagi og staðhættum?	--	+	++
Náttúra, landslag og menningarminjar	Grípa til aðgerða til að berjast gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra. Hefur stefnan áhrif á loftslagsmál, losun gróðurhúsalofttegunda og/eða viðbrögð við loftslagsbreytingum svo sem hækkun sjávarborðs?	-	+	++
	Vernda, endurheimta og styðja sjálfbæra nýtingu vistkerfa á landi. Hefur stefnan áhrif á svæði þar sem eru merkar náttúruvinnur sem njóta verndar, svo sem á náttúruvinnjaskrá, 61. gr. náttúruverndarlaga eða alþjóðlegra samninga?	0	0	0

Umhverfismat deiliskipulags á Ártúnshöfða, svæði 1 og 2

	Stuðlar stefnan að líffræðilegum fjölbreytileika?	--	+	++
	Stuðla að verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi. Hefur stefnan í för með sér röskun á fornleifum eða svæðum þar sem eru merkar menningarminjar?	0	0	0
	Hefur stefnan áhrif á og raskar fágætum landslagsheildum eða breytir ásýnd lands?	--	+	++
Lýðheilsa og öryggi	Stuðla að heilbrigðu lífni og vellíðan fyrir alla frá vögg til grafar. Stuðlar stefnan að möguleikum til útivistar og hreyfingar?	--	+	++
	Stuðlar stefnan að auknum gæðum byggðar hvað varðar umferðaröryggi og hljóðvist?	0	+	+
	Varðveita umhverfi hafsins og auðlindir þess og nýta á sjálfbæran hátt. Tryggja aðgengi allra að hreinu vatni og sjálfbæra nýtingu þess. Stuðlar stefnan að vörnum gegn mengun grunnvatns eða röskun á vistkerfum strandsvæða, svo sem með losun eða efnistöku?	--	+	++

Núllkostur hefur í heildina veruleg neikvæð til óveruleg áhrif á umhverfispætti sem skoðaðir voru í tengslum við samanburð valkosta um græn svæði. Núllkosturinn er ekki líklegur til að bæta ásýnd svæðisins eða styrkja lífríki þess. Mengun frá starfsemi á svæðinu verður áfram til staðar og ekki er líklegt að almenningsrými og opin græn svæði eflist með óbreyttri stefnu.

Valkostur sem inniber hefðbundnar áherslur um græn svæði (G-1) hefur jákvæð áhrif á atvinnulíf og samkeppnishæfni, þar sem uppbygging svæðisins og opin græn svæði mynda gott umhverfi fyrir fólk og fyrirtæki. Áhrifin á gæði byggðar eru einnig jákvæð þar sem skapað er skjólgott umhverfi sem býður upp á fjölbreytta nýtingarmöguleika. Hefðbundnar grænar áherslur styðja að einhverju marki opinbera stefnu í loftslagsmálum, auka líffræðilegan fjölbreytileika og bæta ásýnd svæðisins. Valkosturinn hefur heilt yfir jákvæð áhrif á lýðheilsu, svo sem með tillit til möguleika til útiveru og hreyfingar og með því að draga úr mengun á svæðinu.

Valkostur um grænar áherslur (G-2) hefur heilt yfir veruleg jákvæð áhrif á umhverfispætti. Valkosturinn er talinn stuðla að auknum gæðum í borgarumhverfinu, með áherslu á fjölbreytt opin græn svæði og almenningsrými. Slíkt umhverfi er líklegt til að skapa góða umgjörð um daglegt líf fólks og hvetur til hreyfingar og útiveru. Slíkt borgarumhverfi hentar einnig sem umgjörð fyrir fjölbreytta atvinnustarfsemi. Valkosturinn stuðlar að auknum líffræðilegum fjölbreytileika, bætir ásýnd svæðisins og styður einnig markmið stjórnvalda í loftslagsmálum. Niðurstaða umhverfismatsins er að valkosturinn hafi heilt yfir verulega jákvæð áhrif á umhverfið.

4.3 SAMLEGÐARÁHRIF VALKOSTA

Greining á valkostum og umhverfimat þeirra gefur vísbindingar um samlegðaráhrif af þéttleika og yfirbragði byggðar annars vegar og hins vegar umfangi og útfærslu grænna svæða. Samlegðaráhrifin felast m.a. í að þétt byggð gerir ríkar kröfur um gæði opinna grænna svæða og almenningsrýma. Samfelld þétt byggð,

Umhverfismat deiliskipulags á Ártúnshöfða, svæði 1 og 2

sbr. valkost ÞY-2, hefur veruleg jákvæð samlegðaráhrif með grænum áherslum sbr. valkost G-2. Sjálfærni slíkrar byggðar felst m.a. í samspili af fyrirkomulagi byggðarinnar og notkunar á sjálfbærum ofanvatnslausnum, þ.e. grænu yfirborði lóða og almenningsrýma, regngörðum o.fl.

5 ÁHRIF DEILISKIPULAGSINS OG EFTIRFYLGN

Í kaflanum er umhverfismat á stefnu deiliskipulags á svæði 1 og 2

5.1 UMHVERFISÁHRIF DEILISKIPULAGSINS Í HEILD

Í töflunum hér á eftir er sett fram umhverfismat deiliskipulagsins í heild og til samanburðar mat á núll-kosti.

Atvinna og samkeppnishæfni

Umhverfisviðmið/matsspurning	Núll-kostur	Deiliskipulag á Ártúnshöfða
Tryggja aðgengi allra að áreiðanlegri og sjálfbærri orku á viðráðanlegu verði. Stuðlar stefnan að orkusparnaði, orkunýtni eða orkuskiptum?	Óbreytt stefna er ekki líkleg til að styðja við sjálfbærar samgöngur, þ.e. stytta vegalengdir vegna daglegra athafna fólks eða styrkja almenningssamgöngur	Í deiliskipulaginu eru ákvæði um minnkun orkunotkunar í samræmi við Breeam-vottun svæðisins, þ.e. að dregið verði úr orkunotkun við húshitun, kælingu og hugað er að hleðslu rafbíla innan lóða. Til langs tíma stuðlar fyrirkomulag byggðar, þ.e. þétt samfelld og blönduð byggð, að góðum skilyrðum fyrir sjálfbærar samgöngur, almenningssamgöngur í gegnum Borgarlínu og hjólandi og gangandi ferðamáta innan hverfis. Endurskipulagning svæðisins gefur einnig kost á uppbyggingu innviða fyrir orkuskipti í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar og stjórnvalda á landsvísi
Stuðla að sjálfbærum hagvexti og góðum atvinnutækifærum fyrir alla. Stuðlar stefnan að atvinnuuppbyggingu á svæðinu?	Óbreytt stefna er ekki líkleg til að stuðla að frekari atvinnuuppbyggingu eða aukinni fjölbreytni atvinnulífs á svæðinu til langs tíma litið	Til langs tíma litið stuðlar skipulag svæðisins að uppbyggingu fjölbreyttrar atvinnustarfsemi í sátt við umhverfið í blandaðri byggð. Til skamms tíma verða til störf á uppbyggingartímanum. Neikvæð áhrif eru til skamms tíma af færslu eða lokunar núverandi starfsemi
Tryggja sjálfbæra neyslu og framleiðsluáðferðir. Stuðlar stefnan að sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda? Hversu mikill úrgangur fellur til? Er stuðlað að endurvinnslu og endurnýtingu?	Óbreytt stefna stuðlar ekki að sjálfbærri nýtingu lands til langs tíma litið, en um er að ræða hentugt og vel staðsett svæði til uppbyggingar, í hjarta höfuðborgarsvæðisins. Stefna Reykjavíkurborgar í úrgangsmálum er að draga úr úrgangi til urðunar og endurnýting og endurvinnsla aukin, svo sem með vistvænum rekstri og innleiðingu vistvænna lausna	Stefnan stuðlar að góðri nýtingu á landi til langs tíma litið, þar sem svæðið þróast í blandaða þétta byggð sem nýtir vel alla innviði. Stefna Reykjavíkurborgar í úrgangsmálum er að draga úr úrgangi til urðunar og endurnýting og endurvinnsla aukin, svo sem með vistvænum rekstri og innleiðingu vistvænna lausna. Í deiliskipulaginu eru skilmálar um efnisval, sem tekur m.a. til vistvænna lausna í samræmi við Breeam-vottun svæðisins. Til skamms tíma fellur til talsvert af úrgangi við niðurbrot húsa

Umhverfismat deiliskipulags á Ártúnshöfða, svæði 1 og 2

Gæði byggðar og nýting lands

Umhverfisviðmið/matsspurning	Núll-kostur	Deiliskipulag á Ártúnshöfða
Borgir og bæir umfaðmi alla þjóðfélagshópa, séu örugg og sjálfbær og með viðnámsþol gagnvart breytingum. Stuðlar stefnan að uppbyggingu húsnæðis og grunnþjónustu fyrir alla?	Óbreytt stefna stuðlar ekki að uppbyggingu húsnæðis eða grunnþjónustu	Stefnan er líkleg til að umfaðma alla þjóðfélagshópa og bjóða upp á grunnþjónustu fyrir alla sbr. áherslur aðalskipulagsins um húsnæði fyrir alla og markmið Húsnæðisstefnu Reykjavíkur. Í því felst m.a. að tryggja fjölbreytt framboð húsagerða og búsetukosta á hverjum tíma
Stuðlar stefnan að eflingu nærþjónustu innan hverfis?	Óbreytt stefna stuðlar ekki að uppbyggingu nærþjónustu innan hverfis	Stefnan er líkleg til að stuðla að uppbyggingu nærþjónustu til lengri tíma litið og eftir því sem hverfið byggist upp. Forsenda þess er hin þétta og blandaða byggð og fjölbreytt atvinnulíf sem skapar grundvöll fyrir öflugra nærþjónustu innan hverfis, svo sem verslun, veitingastaði og almenna þjónustu. Til skamms tíma gæti skort á þjónustu meðan svæðið er að byggjast upp
Byggja viðnámsþolna innviði og styðja nýsköpun. Stuðlar stefnan að vistvænum og heilsusamlegum samgöngum, hjólandi, gangandi eða almenningssamgöngum?	Óbreytt stefna stuðlar ekki að vistvænum og heilsusamlegum samgöngum	Uppbygging á svæðinu mun skapa aukna umferð og álag á aðliggjandi stofnbrautir ²³ og því mikilvægt að samgöngumiðað skipulag og áhersla á almenningssamgöngur nái fram að ganga. Samgöngu- og þróunaráð Borgarlínu liggur um Ártúnshöfða og skapar öflugar tengingar almenningssamgangna við svæðið. Borgarlínan er mikilvæg forsenda fyrir uppbyggingu svæðisins. Stefnt er að samfelldri, þétttri og blandaðri byggð, ríkan staðaranda, skjólgóð og vistleg almenningsskými og gott aðgengi að almenningssamgöngum. Slík byggð er með mikið gönguhæfi og líkleg til að skapa góða umgjörð um vistvænar og heilsusamlegar samgöngur. Líkur eru þó á að einkabíllinn verði áfram fyrirferðarmikill í borgarumhverfinu og uppbygging á svæðinu skapi að einhverju marki aukna umferð á stofnvegum í nágrenninu
Stuðla að verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi. Stuðlar stefnan að eflingu almenningsskýma, svo sem með tilliti til aðstöðu, gróðurs og fjölbreyttra nýtingarmöguleika?	Óbreytt stefna tekur að litlu leyti til almenningsskýma	Stefnan leggur áherslu á að almenningsskými séu skjólgóð, vistleg og innihaldsrík. Uppbygging svæðisins hefur í för með sér hönnun nýrra almenningsskýma, göturýma, torga og opinna grænna svæða til fjölbreyttra nýtingarmöguleika. Þessi svæði eru auk þess hluti af grænum innviðum svæðisins, svo sem sjálfbærri ofanvatnslausna. Skilmálar deiliskipulagsins setja almennt séð ákveðið viðmið um gæði almenningsskýma og umfang og eðli grænna opinna svæða

²³ Verkís. 2017B.

Umhverfismat deiliskipulags á Ártúnshöfða, svæði 1 og 2

Styður stefnan markmið um að staðsetning og hönnun nýrra mannvirkja taki mið af mælikvarða byggðar, bæjarmynd, byggingarhefðum, náttúru, landslagi og staðhättum?	Óbreytt stefna styður ekki markmið um að staðsetning og hönnun nýrra mannvirkja taki mið af mælikvarða byggðar, bæjarmynd, byggingarhefðum, náttúru, landslagi og staðhättum	Í deiliskipulaginu er lögð áhersla á heilsteypta, blandaða borgarbyggð með ríkan staðaranda. Um er að ræða endurskipulagningu og umbyltingu á athafnasvæði í blandaða byggð þar sem unnið er með manneskjulegan kvarða og samspil við náttúru og landslag svæðisins. Það er m.a. gert með skírskotun í sögu og þróun svæðisins, með því að nýta opin græn svæði, votlendi og tjarnir til að minna á upprunalega strandlengju meðfram Ártúnshöfða
---	--	--

Náttúra, landslag og menningarminjar

Umhverfisviðmið/matsspurning	Núll-kostur	Deiliskipulag á Ártúnshöfða
Grípa til aðgerða til að berjast gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra. Hefur stefnan áhrif á loftslagsmál, losun gróðurhúsalofttegunda og/eða viðbrögð við loftslagsbreytingum svo sem hækkun sjávarborðs?	Óbreytt stefna tekur ekki mið af loftlagsmálum eða stefnu stjórnvalda í málaflokknum	Byggð við strönd Elliðaársvogs stafar hætta af sjávarflóðum vegna hækkaðrar sjávarstöðu af völdum loftslagsbreytinga. Einnig er hætta af flóðum í Elliðaánum. Í tengslum við gerð deiliskipulagsins og Breeam-vottunar var metin sérstaklega hætta af völdum sjávarflóða og flóða í Elliðaánum. Rík áhersla er á að viðkvæmir innviðir verði staðsettir með tilliti til mögulegrar flóðahættu. Almennt séð styður deiliskipulagið markmið borgarinnar og stjórnvalda á landsvísi í loftlagsmálum þar sem um er að ræða þetta blandaða sjálfbæra byggð sem liggur vel við samgönguás. Byggðin er líkleg til að mynda góða umgjörð um sjálfbærar samgöngur. Skipulagssvæðið er í þegar byggðu hverfi, en eigi að síður getur komið til þess að losa þurfi jarðveg og það veldur losun gróðurhúsalofttegunda, í það minnsta tímabundið. Hinar grænu áherslur í skipulagi svæðisins, sjálfbærar ofanvatnslausnir, ákvæði um grænt yfirborð lóða og græn opin svæði stuðla að bindingu gróðurhúsalofttegunda
Vernda, endurheimta og styðja sjálfbæra nýtingu vistkerfa á landi. Hefur stefnan áhrif á svæði þar sem eru merkar náttúruminjar sem njóta verndar, svo sem á náttúruvinnjaskrá, 61. gr. náttúruverndarlaga eða alþjóðlegra samninga?	Á svæðinu eru ekki friðlýst svæði. Á nærliggjandi svæðum í Elliðaárvogi eru mikilvægar vistgerðir og fuglar. Elliðaárdalur er skilgreindur sem aðrar náttúruminjar og Elliðaárvogur er í tillögum NÍ til B-hluta náttúruvinnjaskrár	Á svæðinu eru ekki friðlýst svæði. Á nærliggjandi svæðum í Elliðaárvogi eru mikilvægar vistgerðir og fuglar. Elliðaárdalur er skilgreindur sem <i>aðrar náttúruvinnjaskrá</i> og Elliðaárvogur er í tillögum NÍ til B-hluta náttúruvinnjaskrár. Hluti svæðisins er á landfyllingu og á framkvæmdatímanum er hætta á skerðingu á búsvæði laxfiska sem hefur áhrif á far þeirra milli ferskvatns og sjávar, sem og gruggmyndun á framkvæmdatíma sem hefur áhrif á fæðumöguleika þeirra

Umhverfismat deiliskipulags á Ártúnshöfða, svæði 1 og 2

Stuðlar stefnan að líffræðilegum fjölbreytileika?	Lífriki svæðisins er mjög veikt og ólíklegt er að það styrkist að óbreyttri stefnu. Á svæði 1 eru engin græn svæði en á svæði 2 eru græn svæði við Elliðaárvoginn	Stefna deiliskipulagsins með áherslu á opin græn svæði, hlutfall græns yfirborðs lóða og vistvænar lausnir er líkleg til að hafa verulega jákvæð áhrif á líffræðilegan fjölbreytileika svæðisins samkvæmt stefnu deiliskipulagsins og sjá einnig vistfræðilegt áhrifamat í tengslum við Breeam-vottun
Stuðla að verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi. Hefur stefnan í för með sér röskun á fornleifum eða svæðum þar sem eru merkar menningarminjar?	Ekki er vitað um fornminjar eða sérstök menningarverðmæti á svæðinu miðað við fyrirbyggjandi gögn	Ekki er vitað um fornminjar eða sérstök menningarverðmæti á svæðinu miðað við fyrirbyggjandi gögn
Hefur stefnan áhrif á og raskar fágætum landslagsheildum eða breytir ásjúnd lands?	Að óbreyttu eru ekki gerðar úrbætur á ásjúnd svæðisins	Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir að athafnasvæði sé umbreytt í þetta, samfellda og blandaða byggð í áföngum. Ásjúnd svæðisins tekur stakkaskiptum, en byggðin og grænt belti teikna upp gömlu strandlínuna og brún höfðans. Í deiliskipulaginu eru auk þess skilmálar um þéttleika og yfirbragð byggðarinnar, hæð bygginga o.fl. Til lengri tíma litið hefur uppbyggingin verulega jákvæð áhrif á ásjúnd svæðisins. Að einhverju marki getur svæðið litið illa út á uppbyggingartímanum, en ætlað má að það sé óverulegt miðað við ásjúnd svæðisins í dag

Lýðheilsa og öryggi

Umhverfisviðmið/matsspurning	Núll-kostur	Deiliskipulag á Ártúnshöfða
Stuðla að heilbrigðu lífni og vellíðan fyrir alla frá vöggu til grafar. Stuðlar stefnan að möguleikum til útivistar og hreyfingar?	Að óbreyttu skapast ekki bætt skilyrði til útivistar innan hverfis. Nálæg eru vinsæl útivistarsvæði á Geirsnefi og í Elliðaárdal	Í deiliskipulaginu er mörkuð stefna um þetta samfellda og blandaða byggð með gott gönguhæfi. Líklegt er að slíkt fyrirkomulag byggðar skapi góð skilyrði fyrir athafnir daglegs lífs og hvetji til hreyfingar. Aðgengi að opnum grænum svæðum og áhersla á vistleg almenningssými stuðla einnig að útivist og hreyfingu. Sérstök áhersla er auk þess á að opna aðgengi að ströndinni
Stuðlar stefnan að auknum gæðum byggðar hvað varðar umferðaröryggi og hljóðvist?	Að óbreyttu er ekki stuðlað að auknu umferðaröryggi og bættri hljóðvist	Samkvæmt hljóðvistarreikningum ²⁴ sem framkvæmdir voru í tengslum við gerð deiliskipulagsins er gert ráð fyrir að hávaði fari yfir mörk við framhliðar nokkurra húsa, þ.e. við umferðarþyngstu götur eins og Sævarhöfða, Breiðhöfða og Stórhöfða. Að sama skapi veldur aukin umferð meiri staðbundinni svifryksmengun. Fyrirkomulag byggðar, þ.e. þétt en blönduð randbyggð, borgargötur með hæga umferð, skapar góða hljóðvist í inngörðum. Yfirbragð byggðar, skilvirkt gatnamynstur, með áherslu á borgargötur og hæga umferð

²⁴ Verkís. 2021.

Umhverfismat deiliskipulags á Ártúnshöfða, svæði 1 og 2

		skapa örugga umgjörð um ferðir fólks óháð ferðamáta. Hægari umferð og aukin gróðurnotkun skapar betri hljóðvist almennt. Á uppbyggingartíma gæti verið minna öryggi og hljóðvist verri
Varðveita umhverfi hafsins og auðlindir þess og nýta á sjálfbæran hátt. Tryggja aðgengi allra að hreinu vatni og sjálfbæra nýtingu þess. • Stuðlar stefnan að vörnum gegn mengun grunnvatns eða röskun á vistkerfum strandsvæða, svo sem með losun eða efnistöku?	Að óbreyttu er ekki unnið gegn mengun grunnvatns eða endurheimt raskaðra svæða	Stefnan, með áherslu á sjálfbærar ofanvatnslausnir og grænt yfirborð lóða, er líkleg til að vinna gegn mengun grunnvatns á svæðinu til lengri tíma litið. Á framkvæmdatímanum, við gerð landfyllingar, er hætt á skerðingu á búsvæði laxfiska sem hefur áhrif á far þeirra milli ferskvatns og sjávar, sem og gruggmyndun á framkvæmdatíma sem hefur áhrif á fæðumöguleika þeirra. Fyrir liggur skýrsla um mengunarrannsókn á jarðvegi á svæði 2.²⁵ Niðurstaða skýrslunnar er að mælt er með frekari mengunarrannsóknnum á nyrsta hluta fyllingarinnar. Rannsóknir á svæði 1 liggja ekki fyrir en deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir að ef mengaður jarðvegur finnst þá verði hann meðhöndlaður áður en uppbygging hefst á svæðinu

²⁵ Verkís. 2020.

Umhverfismat deiliskipulags á Ártúnshöfða, svæði 1 og 2

Niðurstaða mats á heildarumhverfisáhrifum deiliskipulags á svæði 1 og 2 á Ártúnshöfða

Samantekt umhverfismats deiliskipulags á svæði 1 og 2 á Ártúnshöfða.

Matsþáttur	Matsspurningar	Núll-kostur	Deiliskipulag á Ártúnshöfða
Atvinna og samkeppnishæfni	Tryggja aðgengi allra að áreiðanlegri og sjálfbærri orku á viðráðanlegu verði. Stuðlar stefnan að orkusparnaði, orkunýtni eða orkuskiptum?	-	++
	Stuðla að sjálfbærum hagvexti og góðum atvinnutækifærum fyrir alla. Stuðlar stefnan að atvinnuuppbyggingu á svæðinu?	-	++
	Tryggja sjálfbæra neyslu og framleiðsluaðferðir. Stuðlar stefnan að sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda? Hversu mikill úrgangur fellur til? Er stuðlað að endurvinnslu og endurnýtingu?	-	++
Gæði byggðar og nýting lands	Borgir og bæir umfaðmi alla þjóðfélagshópa, séu örugg og sjálfbær og með viðnámsþol gagnvart breytingum. Stuðlar stefnan að uppbyggingu húsnæðis og grunnþjónustu fyrir alla?	-	++
	Stuðlar stefnan að eflingu nærþjónustu innan hverfis?	-	++
	Byggja viðnámsþolna innviði og styðja nýsköpun. Stuðlar stefnan að vistvænum og heilsusamlegum samgöngum, hjólandi, gangandi eða almenningssamgöngum?	--	++
	Stuðla að verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi. Stuðlar stefnan að eflingu almenningssýma, svo sem með tilliti til aðstöðu, gróðurs og fjölbreyttra nýtingarmöguleika?	--	++
	Styður stefnan markmið um að staðsetning og hönnun nýrra mannvirkja taki mið af mælikvarða byggðar, bæjarmynd, byggingarhefðum, náttúru, landslagi og staðhättum?	--	++
Náttúra, landslag og menningarminjar	Grípa til aðgerða til að berjast gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra. Hefur stefnan áhrif á loftslagsmál, losun gróðurhúsalofttegunda og/eða viðbrögð við loftslagsbreytingum svo sem hækkun sjávarborðs?	-	-
	Vernda, endurheimta og styðja sjálfbæra nýtingu vistkerfa á landi. Hefur stefnan áhrif á svæði þar sem eru merkar náttúruvinnur sem njóta verndar, svo sem á náttúruvinnjaskrá, 61. gr. náttúruverndarlaga eða alþjóðlegra samninga?	0	-
	Stuðlar stefnan að líffræðilegum fjölbreytileika?	--	++
	Stuðla að verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi. Hefur stefnan í för með sér röskun á fornleifum eða svæðum þar sem eru merkar menningarminjar?	0	0
	Hefur stefnan áhrif á og raskar fágætum landslagsheildum eða breytir ásýnd lands?	--	++

Umhverfismat deiliskipulags á Ártúnshöfða, svæði 1 og 2

Lýðheilsa og öryggi	Stuðla að heilbrigðu lífni og vellíðan fyrir alla frá vöggu til grafar. Stuðlar stefnan að möguleikum til útivistar og hreyfingar?	--	++
	Stuðlar stefnan að auknum gæðum byggðar hvað varðar umferðaröryggi og hljóðvist?	-	++
	Varðveita umhverfi hafsins og auðlindir þess og nýta á sjálfbæran hátt. Tryggja aðgengi allra að hreinu vatni og sjálfbæra nýtingu þess. Stuðlar stefnan að vörnum gegn mengun grunnvatns eða röskun á vistkerfum strandsvæða, svo sem með losun eða efnistöku?	--	++

Núllkostur hefur í heildina neikvæð eða veruleg neikvæð áhrif á umhverfisþætti. Ef ekki kemur til uppbyggingar á svæðinu er ekki líklegt að atvinnulíf og samkeppnishæfni eflist eða að gæði byggðar aukist. Að óbreyttu verða ekki gerðar úrbætur á ásýnd svæðisins og vegna mengunar grunnvatns. Ólíklegt er að lífríki svæðisins styrkist og líffræðilegur fjölbreytileiki aukist. Almennt séð er uppbygging á svæðinu tengd eflingu almenningssamgangna í gegnum Borgarlínu, en valkosturinn mun ekki stuðla að sjálfbærum samgöngum umfram það sem nú er.

Deiliskipulag svæðisins hefur almennt séð jákvæð eða verulega jákvæð áhrif á umhverfið. Áhersla er lögð á fjölbreyttar íbúðagerðir og deiliskipulagið mætir þannig þróun um minni fjölskyldustærðir, breyttan lífsstíl, öldrun samfélagsins og fjölgun einstaklingsheimila. Ákvæði í deiliskipulagi, aðalskipulagi Reykjavíkur og húsnaðisstefnu Reykjavíkur ætti að stuðla að félagslegum markmiðum, þ.e. um húsnaði fyrir alla tekjuhópa. Hin fyrirhugaða byggð á Ártúnshöfða er þétt og blönduð, en það stuðlar að góðri nýtingu lands og skapar skilyrði fyrir sjálfbærar samgöngur. Uppbygging á svæðinu mun skapa aukna umferð og álag á aðliggjandi stofnbrautir og því er mikilvægt að samgöngumiðað skipulag og áhersla á almenningssamgöngur nái fram að ganga. Fyrirkomulag byggðarinnar stuðlar almennt að góðu gönguhæfi svæðisins fyrir hjólandi og gangandi ferðamata, svo og góðu aðgengi að almenningssamgöngum í gegnum Borgarlínu. Fyrirkomulag byggðar, gæði almenningsskrýma og aðgengi að grænum svæðum skapar góða umgjörð um athafnir daglegs lífs. Áhrif á lýðheilsu og öryggi eru talin jákvæð eða verulega jákvæð til langs tíma litið vegna tækifæra til hreyfingar og útiveru, en einnig vegna umferðaröryggis og góðrar hljóðvistar innan hverfis. Reikna má með að hávaði fari yfir mörk á og við umferðapýngstu götur vegna þéttingu byggðar og aukinnar umferðar. Að sama skapi veldur aukin umferð meiri staðbundinni svifryksmengun. Á uppbyggingartíma gæti verið minna öryggi og hljóðvist verri vegna truflunar frá framkvæmdum og umferð í tengslum við hana.

Til langs tíma litið skapar skipulag svæðisins skilyrði til uppbyggingar fjölbreyttrar atvinnustarfsemi innan hverfis, nærþjónustu auk annarrar starfsemi í sátt við umhverfið. Í deiliskipulaginu eru ákvæði sem kveða á um minnkun vatns- og raforkunotkunar, meðhöndlun yfirborðsvatns, grænt yfirborð, kolefnisbindingu og að dregið verði úr orkunotkun við húshitun og kælingu. Einnig endurvinnslu og sorpflokkun. Breeam-vottun skipulagssvæðisins rær í sömu átt. Áhrif á loftslagsmál eru metin jákvæð, enda er um að ræða samgöngumiðað skipulag sem er ætlað að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, orkunýtni og sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda. Byggð við strönd Elliðaársvogs stafar hætta af sjávarflóðum vegna hækkaðrar sjávarstöðu af völdum loftslagsbreytinga. Einnig er hætta af flóðum í Elliðaánum. Á móti kemur að við vinnslu deiliskipulags (á svæði 2) er rík áhersla er á að viðkvæmir innviðir verði staðsettir með tilliti til mögulegrar flóðahættu og tekið er mið af hækun sjávarborðs hvað varðar gólfkóta o.fl..

Á svæðinu er til staðar mengun í jarðvegi frá fyrri starfsemi en aðgerðir í tengslum við uppbygginguna og áhersla á sjálfbærar ofanvatnslausnir er líkleg til að stuðla að heilnæmi umhverfis. Á framkvæmdatímanum, við gerð landfyllingar, er hætta á skerðingu á búsvæði laxfiska sem hefur áhrif á far þeirra milli ferskvatns og sjávar, sem og gruggmyndun á framkvæmdatíma sem hefur áhrif á fæðumöguleika þeirra. Þrátt fyrir líklega skerðingu lífríkis á strandsvæðum vegna

Umhverfismat deiliskipulags á Ártúnshöfða, svæði 1 og 2

landfyllingar í Elliðaárvogi, ætti líffræðileg fjölbreytni skipulagssvæðisins í heild að aukast ef markmið ná fram að ganga um umtalsverða aukningu á gróðurþekju (sérstaklega á svæði 1), ofanvatnslausnir sem einnig virka sem votlendisbúsvæði og jákvæðra áhrifa þess að mengandi og truflandi starfsemi víkur af svæðinu.

Niðurstaða umhverfismatsins er að deiliskipulag svæðisins hafi heilt yfir jákvæð eða verulega jákvæð áhrif á umhverfið til langs tíma litið. Í skipulaginu eru lögð drög að sjálfbærri, vandaðri borgarbyggð. Helstu neikvæðu áhrifin til skamms tíma eru vegna gerð landfyllingar í Elliðaárvogi og truflunar á uppbyggingatímanum, hávaði og mögulega minna öryggi. Til lengri tíma litið er helsta áskorunin umferðarsköpun vegna fjölgun íbúa og þéttingar byggðar og áhrif af hávaða og svífryki á afmörkuðu svæði við umferðarþyngstu götur.

5.2 STAKAR FRAMKVÆMDIR

Í tengslum við uppbyggingu á Ártúnshöfða eru í.b.m. tvær framkvæmdir sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum. Annars vegar er það landfylling við Elliðaárvog en mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar er lokið, sbr. kafla 2.4. Hins vegar er það Borgarlína Ártúnshöfða-Hamraborg en mat á umhverfisáhrifum framkvæmdirnar er í vinnslu. Báðar framkvæmdirnar hafa áhrif á deiliskipulag Ártúnshöfða.

5.3 SAMLEGÐARÁHRIF

Mat á umhverfisáhrifum deiliskipulags á svæði 1 og 2 á Ártúnshöfða gefur vísbindingar um samlegðaráhrif af uppbyggingu á nærliggjandi svæðum á Ártúnshöfða. Fullbyggt hverfi á Ártúnshöfða, sbr. rammaskipulag, er líklegt til að verða öflugt íbúðar- og atvinnusvæði, sjálfbær byggð með gott aðgengi að almenningssamgöngum. Veruleg jákvæð samlegðaráhrif eru til langs tíma af uppbyggingu á svæði 1 og 2 og nærliggjandi svæðum á Ártúnshöfða, svo sem hvað varðar að skjóta stoðum undir nærþjónustu í hverfinu og rekstur hágæða almenningssamgangna. Neikvæð samlegðaráhrif geta tengst umferðarsköpun vegna uppbyggingar í hverfinu í heild og álagi á aðliggjandi stofnbrautir. Því er mikilvægt að samgöngumiðað skipulag og áhersla á almenningssamgöngur nái fram að ganga á Ártúnshöfða.

5.4 EFTIRFYLGNI OG VÖKTUN

Byggð við strönd Elliðaárvogs (svæði 2) stafar hætta af sjávarflóðum vegna hækkaðrar sjávarstöðu af völdum loftslagsbreytinga, auk hættu af flóðum í Elliðaánum. Til að mæta hættu af flóðum verður að grípa til mótvægisáðgerða og skipuleggja landhæð og lágmarksgólfhæð þannig að byggðin við ströndina standist þessa hættu. En í því felst að verja hús og mannvirki og einnig lagnir, svo sem raflagnir, fráveita, vatns- og hitaveita.

Á svæðinu er til staðar mengun í jarðvegi frá fyrri starfsemi en aðgerðir í tengslum við uppbygginguna og áhersla á sjálfbærar ofanvatnslausnir er líkleg til að stuðla að heilnæmi umhverfis. Nauðsynlegt er að fylgja þeim aðgerðum eftir og mæla mengandi efni í jarðvegi með reglubundnum hætti á uppbyggingartímanum, og ef tilefni er til, gera vöktunaráætlun um það efni.

Sérstök vistfræðiaætlun er unnin í tengslum við Breeam-vottun deiliskipulagsins og hún innifelur eftirfylgni og vöktun á þáttum sem varða lífríki svæðisins og er vísað til þess.

Á framkvæmdatímanum við gerð landfyllingar er hætta á skerðingu á búsvæði laxfiska sem hefur áhrif á far þeirra milli ferskvatns og sjávar, sem og gruggmyndun á framkvæmdatíma sem hefur áhrif á fæðumöguleika þeirra. Nauðsynlegt er að haga framkvæmdum við landfyllinguna með tilliti til þessa.



Ártúnshöfði við Elliðaárvog.

Umhverfismat deiliskipulags á Ártúnshöfða, svæði 1 og 2

Á framkvæmdatímanum kann að myndast truflun og hætta af völdum framkvæmda, umferð vinnuvéla og rasks og nauðsynlegt er að gera vöktunaráætlun til að tryggja öryggi og lágmarka hávaða á svæðinu.

Reikna má með að aukinni umferð um helstu götur á svæðinu samfara þéttingu byggðar og hávaði fari yfir mörk á og við umferðabýngstu götur. Að sama skapi veldur aukin umferð meiri staðbundinni svifryksmengun. Mikilvægt er að gripið verði til mótvægisáðgerða til að vega upp á móti þessum áhrifum og munar þar mest um styrkingu almenningssamgangna gegnum Borgarlínu. Einnig skiptir miklu að halda niðri umferðarhraða og vinna á móti svifryksmyndun með mótvægisáðgerðum.

6 TENGL VIÐ ÁÆTLANIR OG SAMRÆMI STEFNU

Í kaflanum er gerð grein fyrir innbyrðis samræmi stefnunnar og tengsl við stefnu Reykjavíkurborgar, svæðisskipulag og stefnu á landsvísi í tilteknum málaflokkum.

6.1 INNBYRÐIS SAMRÆMI STEFNU

Áherslur og leiðarljós deiliskipulagsins á Ártúnshöfða eru í samræmi við höfuðflokka Aðalskipulags Reykjavíkur 2010 - 2030 um visthæfi byggðar. Framkvæmt er mat á innbyrðis samræmi áherslna og leiðarljósa fyrir deiliskipulag á svæði 1 og 2, sbr. kafla 3.2 Leiðarljós í almennri greinargeð deiliskipulagsins. Bornar eru saman 24 áherslur og leiðarljós og kannað samræmi milli þeirra.

Áherslur og leiðarljós deiliskipulags á svæði 1 og 2 eru almennt í ágætu samræmi á milli höfuðflokka. Þau eru í flestum tilfellum samþætt, hafa jákvæð áhrif hvert annað og róa í sömu átt. Greiningin leiddi þó í ljós að einstök markmið eru mjög sértæk og framkvæmdamiðuð og höfðu þar af leiðandi ekki mikil tengsl við önnur tiltekin markmið, án þess að um væri að ræða ósamræmi. Dæmi um þetta er áhersla um að „*Strandlína verði mótuð með náttúrulegu yfirbragði fremur en harður sjávargarður*“.

Áhersla og leiðarljós (undir samfélag) um að „*Byggðin taki mið af fyrirliggjandi byggðarmynstri og atvinnustarfsemi, sem gefst færi á að umbreytast hægfara í þéttari, sjálfbæra, blandaða borgarbyggð*“ samræmist að hluta eða að öllu leyti öðrum markmiðum. Markmiðið styður önnur markmið til lengri tíma litið, en hægfara breytingar munu að einhverju leyti framlengja núverandi ástandi til skamms tíma litið. Vísað er þar til grunnástands umhverfis á Ártúnshöfða og líklegri þróun án innleiðingar nýrrar stefnu, sbr. greiningu á núllkosti.

Skýringar

Samræmi milli markmiða/leiðarljósa

Samræmi að hluta eða markmið/leiðarljós tengjast óverulegu leyti

Ósamræmi milli markmiða/leiðarljósa

Á ekki við.



Umhverfismat deiliskipulags á Ártúnshöfða, svæði 1 og 2

	Samfélag	Gæði byggðar	Útirými, græn svæði, strandsvæði	Samgöngur	Vistkerfi og minjar	Orka og auðlindir	Húsbyggingar og mannvirki á lóð
Samfélag	Tiltekin áhersla og leiðarljós						
Gæði byggðar	Tiltekin áhersla og leiðarljós						
Útirými, græn svæði, strandsvæði	Tiltekin áhersla og leiðarljós						
Samgöngur	Tiltekin áhersla og leiðarljós						
Vistkerfi og minjar	Tiltekin áhersla og leiðarljós						
Orka og auðlindir							
Húsbyggingar og mannvirki á lóð	Tiltekin áhersla og leiðarljós						

6.2 TENGL VIÐ STEFNU STJÓRNVALDA Á LANDSVÍSU, SVEITARFÉLAGA O.FL.

Hér er farið yfir samræmi deiliskipulagsins við stefnu stjórnvalda á landsvísu (Tafla 6.1), svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins og aðalskipulags Reykjavíkur (Tafla 6.2).

Tafla 6.1 Tengsl deiliskipulags á Ártúnshöfða við Elliðaárvog við áætlanir stjórnvalda á landsvísu.

Heiti áætlunar	Samræmi aðalskipulags við áætlun	Skýringar
<i>Landsskipulagsstefna 2015-2026</i>	Deiliskipulagsáætlanirnar eru í samræmi við gr. 3.2, 3.3, 3.4, 3.5 og 3.7 í landsskipulagsstefnu	Landskipulagsstefna er unnin á grundvelli skipulagslaga og felur í sér stefnu ríkisins í skipulagsmálum og almenn sjónarmið til leiðbeiningar við skipulagsgerð sveitarfélaga. Eitt viðfangsefni landsskipulagsstefnu snertir deiliskipulagsgerðina, þ.e. skipulag í þéttbýli eða búsetumynstur – dreifing byggðar
<i>Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun</i>	Deiliskipulagsáætlanirnar eru í samræmi við eða tengjast fjölmörgum markmiðum, svo sem HMS 3, 6, 7, 8, 9, 11 og 13	Heimsmarkmiðin, þ.e. tiltekin markmið, eru umhverfisvið fyrir mat á umhverfisáhrifum deiliskipulagsins. Með þeim hætti er tryggt að tiltekin markmið eða hluti þeirra samþættist inn í deiliskipulagsgerðina
<i>Aðgerðaráætlun í loftslagsmálum</i>	Deiliskipulagsáætlanirnar styðja aðgerðaráætlunina, m.a. eru fléttuð inn viðmiðin fyrir umhverfismatið og fjölmargar aðgerðir og skilmálar sem eru í samræmi við aðgerðaráætlunina	Ný aðgerðaráætlun er í kynningu en fjölmörg markmið eru í samræmi við gildandi aðgerðaráætlun svo sem útfærsla sjálfbærra samgangna og áhersla á grænt yfirborð og græn svæði
<i>Náttúruminjasrá og Náttúruverndaráætlun</i>	Í samræmi	Ekki er talið að uppbygging svæðisins hafi áhrif á svæði á náttúruminjasrá
<i>Menningarstefna í mannvirkjagerð</i>	Deiliskipulagsáætlanirnar eru í samræmi við markmið menningarstefnu í mannvirkjagerð	Við deiliskipulagsgerð á Ártúnshöfða er m.a. lögð áhersla á að mælikvarði byggðar sé manneskjulegur, byggð falli vel að landslagi og byggi á samspili byggðar og náttúru. Þessi og fleiri markmið eru í fullu samræmi við Menningarstefnu í Mannvirkjagerð

Umhverfismat deiliskipulags á Ártúnshöfða, svæði 1 og 2

Tafla 6.2 Tengsl deiliskipulags á Ártúnshöfða við Elliðaárvog við aðal- og svæðisskipulag

Heiti áætlunar	Samræmi aðalskipulags við áætlun	Skýringar
<i>Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2015-2040</i>	Deiliskipulagsáætlanirnar eru í fullu samræmi við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins	Sjá nánari umfjöllun í kafla 2.1
<i>Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030</i>	Unnið er að breytingu á aðalskipulaginu en að teknu tilliti til þeirra breytinga er deiliskipulagið í samræmi við aðalskipulag Reykjavíkur	Sjá nánari umfjöllun í kafla 2.2
<i>Húsnæðisstefna Reykjavíkurborgar</i>	Í áætluninni er m.a. markmið um öruggt húsnæði á viðráðanlegu verði fyrir alla borgarbúa og að tryggja félagslega fjölbreytileika með fjölbreyttu framboði íbúðagerða, hvað varðar stærð, gerð og eignarform	Sjá nánar umfjöllun í kafla 2.7
<i>Loftslagsáætlun 2021-2025</i>	Í áætluninni eru skilgreindar fjölmargar aðgerðir í loftlagamálum og deiliskipulagið styður margar þeirra til lengri tíma litið	Sjá umfjöllun í kafla 5.1

HEIMILDIR

Kópavogsbær, Reykjavíkurborg og samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. 2020. *Borgarlínan. Ártún – Hamraborg; Verk- og matslýsing aðalskipulagsbreytinga í Reykjavík og Kópavogi*. Sótt 6. Mars 2021 af <https://samradsgatt.island.is/>

Kópavogsbær, Reykjavíkurborg og samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. 2020. *Borgarlínan. Ártún – Hamraborg; Verk- og matslýsing aðalskipulagsbreytinga í Reykjavík og Kópavogi*. Sótt 29. Mars 2020 af <https://samradsgatt.island.is/>

Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Lög um menningarminjar nr. 80/2012.

Lög um náttúruvernd nr. 60/2013.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti. 2014. *Menningarstefna í mannvirkjagerð: Stefna íslenskra stjórnvalda í byggingarlist*. Sótt 6. Mars 2021 af <https://www.stjornarradid.is/>

Minjasafn Reykjavíkur. 2006. *Rammaskipulag Elliðaárvogs: Fornleifaskráning og aldur húsa á svæðinu*.

Minjastofnun. 2021. Minjavefsjá. Sótt 5. mars 2021 af <https://www.minjastofnun.is/>

Reykjavíkurborg. 2017. Elliðaárvogur við Ártúnshöfða; Vistvænt borgarumhverfi með fólk í fyrirrúmi, Rammaskipulag. Sótt 6. mars 2021 af <https://reykjavik.is/rammaskipulag-ellidaarvogur-artunshofdi-11-januar-2017>

Reykjavíkurborg. 2020. Húsnæðisáætlun Reykjavíkurborgar - Uppfærsla í október 2020. Sótt 6. mars 2021 af

https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/15_husnaedisaaetlun_reykjavikurborgar_-_uppfaersla_i_oktober_2020._r2009022.pdf

Reykjavíkurborg. 2021. *Aðalskipulag Reykjavíkur 2040. Umhverfisskýrsla (B3). Endurskoðuð stefna um íbúðarbyggð og blandaða byggð og framlenging skipulagstímabils til 2040*. Janúar 2021. Uppfært í maí 2021.

Skipulagsstofnun. 2021A. *Borgarlínan, Ártúnshöfði–Hamraborg, Reykjavík og Kópavogi. Ákvörðun um matsáætlun*. Sótt 5. Maí 2021 af <https://www.skipulag.is/>

Skipulagsstofnun. 2021B. *Landsskipulagsstefna 2015–2026 ásamt greinargerð*. Sótt 5. mars 2021 af <http://www.landsskipulag.is/>

Skipulagsstofnun. 2007. Leiðbeiningar um umhverfismat áætlana. Sótt 6. mars 2021 af <http://www.skipulag.is/media/pdf-skjol/aaetlanamat.pdf>.

Stjórnarráð Íslands. 2021. Heimsmarkmiðin. Forgangsmarkmið ríkisstjórnarinnar. Sótt 5. mars 2021 af <https://www.stjornarradid.is/>

Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2015-2040. *Höfuðborgarsvæðið 2040*. Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, SSH. 2015. Sótt 6. mars 2021 af <https://www.skipulag.is/>

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. 2020. *Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum, 2. Útgáfa. Aðgerðir íslenskra stjórnvalda til að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda til 2030*. Sótt 5. mars 2021 af <https://www.stjornarradid.is/>

Verkefnastofa Borgarlínu. 2020. *BORGARLÍNAN, ÁRTÚNSHÖFÐI - HAMRABORG. Tillaga að matsáætlun. Júlí 2020*. Sótt 5. mars 2021 af <https://www.skipulag.is/>

Verkefnastofa Borgarlínu. 2021. *Borgarlínan, 1. lota forsendur og frumdrög*. Sótt 5. mars 2021 af <https://wp.borgarlinan.is/>

Umhverfismat deiliskipulags á Ártúnshöfða, svæði 1 og 2

Verkís. 2017A. Frumáætlun um meðhöndlun ofanvatns við Elliðaárvog og Ártúnshöfða. Sótt 6. mars 2021 af <https://reykjavik.is/rammaskipulag-ellidaarvogur-artunshofdi-11-januar-2017>

Verkís. 2017B. *Umferðarmyndun Elliðaárvogur.*

Verkís. 2020. Mengunarrannsókn á jarðvegi. DSK. Elliðaárvogur/Ártúnshöfði. Svæði 2. Maí 2020.

Verkís. 2021. *Hljóðvistarreikningar. Ártúnshöfði, svæði 1 og 2. Hljóðstig frá umferð reiknað í 2m hæð.* Dags. 30.3.2021.

VSÓ ráðgjöf. 2017. *Tillaga að breytingu á svæðisskipulagi Hágæðakerfi almenningsgangna á höfuðborgarsvæðinu – Borgarlína; Umhverfisskýrsla.*